

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek segir kærleiksríkari ráðherra duga útlendingum skammt. 19



**MENNING** Aníta Dögg Watkins kemur hollenskum fyrirsætum í form í Next Top Model. 62



**SPORT** Valsarinn James Hurst stefnir á að komast aftur í ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu. 40







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
14. júní 2013
138. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Heppin að vera á lífi

Bryndís Ásmundsdóttir leikkona glímdi við þunglyndi þegar hún gekk með son sinn og Fjölnis Þorgeirssonar.

**FRÉTTIR**

**Íslendingur dúx í Yale** Arnaldur Hjartarson fékk hæstu mögulegu einkunn í laganámi í bandaríska háskólanum Yale. 2

**Óvættur í Svarfaðardal?** Öflugt hlaup varð úr Nykurtjörn í Svarfaðardal eftir áratuga hlé. 4

**Veiðigjaldið lækkar** Ríkisstjórnin kynnti frumvarp um lækkun á sérstöku veiðigjaldi. 12




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | NA | 5 |
| Akureyri | 13° | A | 4 |
| Egilsstaðir | 11° | NNA | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | SA | 5 |
| Reykjavík | 14° | NV | 5 |

**Léttir til** Í dag má búast við fremur hægum vindi eða hafgolu. Það léttir víða til á landinu en þó verður fremur skýjað við S- og A-ströndina. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Kaltjón bænda sagt sláandi

Á Norður- og Austurlandi er ljóst að kalskemmdir eru stórfelldar á yfir 5.000 hekturum lands. Stórfellt tjón er á 269 býlum sem er metið yfir hálfur milljarður króna. Ráðherra segir óhugsandi að bæta tjónið í heild sinni.

**LANDBÚNAÐUR** Fyrir liggur að fjöldi bænda á Norður- og Austurlandi hefur orðið fyrir milljónatjóni vegna kalskemmda eftir harðan vetur og kalt vor. Í samantekt Ráðgjafanefndar landbúnaðarins (RML) kemur fram að 269 býli frá Ísafjarðardjúpi og austur á land hafa orðið fyrir stórfelldu tjóni. Yfir 5.000 hektarar lands eru skemmdir. Fjárhagslegt tjón hleypur á hundruðum milljóna.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir stöðuna miklu verri en samtökin töldu. Sindri segir mál manna að kalskemmdir séu verri en þekkt hefur verið um nokkuð langan tíma.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra sagði á Alþingi í gær að það væri alveg ljóst að óhugsandi væri að ríkissjóður myndi bæta allt það tjón sem orðið hefur vegna kals og annarra skemmda. Til þess eru engir fjármunir til, sagði ráðherra. „Ríkissjóður mun koma að þessum málum en ég bið þingheim að gera sér ljóst að þær aðgerðir allar þurfa að taka mið af stöðu ríkissjóðs.“

Einstakir bændur hafa því orðið fyrir milljónatjóni, og á þá eftir að taka tillit til þess að girðingar hafa orðið illa úti á stórum svæðum sem eykur enn á vanda fjölmargra bænda á þessu svæði. Þá hafa bændur þurft að kaupa fóður fyrir umtalsverða fjármuni.

Ráðunautar RML hafa heimsótt flesta þá bændur sem þess hafa óskað og veitt þeim viðeigandi ráðgjöf.

> **Ríkissjóður mun koma að þessum málum en ég bið þingheim að gera sér ljóst að þær aðgerðir allar þurfa að taka mið af stöðu ríkissjóðs.**
>
> *Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra*

Ástandið er verst í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem 100 býli hafa orðið fyrir stórfelldu tjóni, en þar eru 1.900 hektarar lands skemmdir og öll sýslan undirlögð í kali.

Til að setja þetta í samhengi við hvað það kostar að endurrækta einn hektara þá er það að lágmarki 100 þúsund krónur við bestu aðstæður fyrir utan áburðarkostnað. Kostnaðurinn við endurræktun 5.210 hektara er því að lágmarki 520 milljónir, er niðurstaða RML. **- shá**

### Víða skemmdir






**MEÐ BETRI VORUM** „Þetta fer að verða með betri vorum sem ég man eftir,“ segir Axel Jóhannesson á Gunnarsstöðum í Þistilfirði sem í vikunni hóf að reka fé á afrétt ásamt Júlíusi Sigurbjartssyni. Axel segir sveitina nánast lausa við kal þótt fjórir bæir hafi reyndar orðið illa fyrir barðinu á því. „En við sleikjum bara út um og höfum ekki yfir neinu að kvarta.“ Bústörfin eru orðin æði tæknivædd eins og sést á því að Axel ók jeppa á eftir fénu á meðan smalahundurinn hafði það náðugt í vegkantinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






Listaverkageymsla á vegum Íslandsbanka varð fyrir vatnstjóni í gærkvöldi:

# Meta rakatjón á málverkasafni

**SLÖKKVILIÐ** „Það er erfitt að gera sér grein fyrir tjóni, með hluti eins og listaverk. Tjónið getur komið í ljós eftir á, en við fyrstu sýn virtist þetta vera minni háttar. Frá okkar bæjardyrum séð, þá gekk þetta vel en hvað næstu dagar bera í skauti sér er svo annað mál,“ segir Rúnar Helgason, aðstoðarvarðstjóri Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu, en listaverkageymsla Íslandsbanka á Reykjavíkurvegi 60 í Hafnarfirði varð fyrir vatnstjóni í gærkvöld.

„Þetta var kalt vatn sem lak af efri hæð og niður í þessa geymslu. Við brugðumst fljótt við og settum undir lekann þar sem mest var. Þannig björguðum við heilum helling,“ segir Rúnar jafnframt.

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir vatnstjón hafa orðið á hæðinni fyrir ofan og við það hafi myndast raki í geymslunni. „Það var ákveðið að flytja málverkin strax í burtu.“

Spurð hvort málverkin hafi orðið fyrir skemmdum segir Guðný að það verði skoðað í framhaldinu. „En það var allavega ekki mikið og í mesta lagi einhverjar rakaskemmdir. Þetta leit að minnsta kosti ekki illa út.“



**VERKIN FLUTT** Sendibílsstjóri sést hér bera eitt listaverkanna út úr geymslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðný segir að ekki sé gefið upp hversu mörg verk voru í geymslunni eða hvert þau voru flutt. **- ósk**




## SPURNING DAGSINS



Guðbjörg, ertu búin að ganga með þessa hugmynd í maganum lengi?

**„Já, þetta er fjórða barnið mitt.“**

Guðbjörg Gissurardóttir er ritstjóri nýs tímarits fyrir börn sem nefnist Krakkalakkar. Fyrsta tölublaðið kemur út í byrjun júlí.

Ekkert formlegt aldurstakmark er í fegurðarsamkeppnina Ungfrú Ísland sem verður endurvakin í ár:

# Segir keppnina ekki bara snúast um útlitið

**FÓLK** Ekkert formlegt aldurstakmark er í fegurðarsamkeppni Ungfrú Ísland í ár. Rafn Rafnsson, nýr framkvæmdastjóri keppninnar, segist sækjast eftir meiri fjölbreytileika í keppnina en áður.

„Það er ekki til nein staðalímynd af Ungfrú Íslandi lengur. Hún þarf alls ekki að vera ljóshærð, bláeygð og 1,73 sentímetrar á hæð, heldur getur hún verið af afrískum eða asískum uppruna,“ segir Rafn í samtali við fréttastofu 365. „Möguleikarnir eru fjölmargir og þetta snýst ekki bara um útlit. Dómnefndin er að leita að stúlkum sem hafa góðan persónuleika, fallegt útlit og þokka,“ segir Rafn enn fremur.

Aðspurður segir Rafn keppnina ekki vera barn síns tíma. „Ungfrú Ísland hefur verið haldin síðan 1950 og er hluti af okkar þjóðfélagi,“ bætir Rafn við.

Engar forkeppnir verða haldnar í ár. „Fulltrúum landshlutanna er að sjálfsögðu heimilt að halda sínar eigin keppnir ef þeir vilja,“ segir Rafn, en hann segir það einfaldara að halda eina stóra keppni og sjá til þess að hún sé með sem glæsilegasta móti.

Keppnin var síðast haldin árið 2011. Keppnin í ár verður haldin á Broadway þann 14. september næstkomandi.

- þþo, ósk



**SÆKJAST EFTIR FJÖLBREYTILEIKA** Sigurvegararnir þrír frá síðustu keppni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HRESSAR ÚR KÓPAVOGI** Þessar stúlkur úr HK á pæjumótinu létu rigninguna í gær ekki á sig fá. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Allt uppbókað í Vestmannaeyjum út af pæjumóti 5. flokks:

# 750 stelpur spila fótbolta í Eyjum

**VESTMANNAEYJAR Pæjumót 5. flokks stúlkna í fótbolta hófst í Vestmannaeyjum í gær. 750 stelpur voru mættar út í Eyjar auk þjálfara og aðstandenda. „Það er öll gisting uppbókuð hér, fólk gistir út um allan bæ, á tjaldsvæðum, hótelum og í heimahúsum,“ sagði Einar Friðþjófsson framkvæmdastjóri mótsins í gær. Hann segir mikið fjör í Eyjum þegar pæjumótið fer fram. „Það er spilað fram á laugardag og svo er mikið fjör á kvöldvökunni, það verður Idol-keppni á milli liða.“ Rigningarúði var í Vestmannaeyjum í gær. „En það er sól og blíða í kortunum um helgina.“**

- sbt

Kastaðist út úr bílnum:

# Lést þegar bíll valt í Skötufirði

**SLYS** Ökumaður lést í bílveltu í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi í gærmorgun.

Lögreglunni á Vestfjörðum barst tilkynning um slysið klukkan 11.50 og voru þá lögreglu- og sjúkrabíll sendir á staðinn. Í framhaldi var óskað eftir aðstoð frá þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Bíllinn hafði oltið út af veginum og ökumaðurinn kastast út úr honum. Hann reyndist látinn við komuna á Landspítalann í Reykjavík. Tildrög slyssins eru til rannsóknar hjá lögreglunni á Vestfjörðum.

- sh

Bandaríkin hafa sannanir:

# Efnavopn notuð af her Assads

**BANDARÍKIN, AP** Stjórnarher Bashar al-Assads Sýrlandsforseta hefur beitt efnavopnum gegn uppreisnarmönnum í landinu í litlum mæli. Þetta fullyrti einn af ráðgjöfum Baracks Obama Bandaríkjaforseta í gær.

Hann sagði að á milli 100 og 150 manns hefðu látist af þessum völdum. Á hinn bóginn sagði hann bandarísk yfirvöld ekki hafa neinar sannanir fyrir því að uppreisnarmenn hefðu beitt sams konar meðulum í stríðinu, sem alls hefur kostað um 93 þúsund mannslíf.

- sh / sjá síðu 8

# Íslendingur dúxaði í Yale-háskólanum

Arnaldur Hjartarson lauk nýverið framhaldsnámi í lögfræði við Yale Law School í Bandaríkjunum. Margir sterkustu námsmenn þar í landi stunda nám við skólann. Arnaldur hlaut hæstu mögulegu einkunn úr öllum kúrsum í náminu.

**FÓLK** „Ég var mjög lánsamur að hljóta styrki frá bæði Fulbright og stofnun Leifs Eiríkssonar. Þessir styrkir gerðu mér námið kleift,“ segir Arnaldur Hjartarson, 29 ára lögfræðingur sem nýverið lauk framhaldsnámi í lögfræði við Yale Law School. Hann hlaut hæstu mögulegu einkunn úr öllum kúrsum í náminu.

Yale Law School er án vafa ein af sterkari lagadeildum í heiminum. Skólinn hefur afar gott hlutfall af fjölda kennara miðað við fjölda nemenda, reyndar það besta bandarískra lagaskóla. „Kennslan verður fyrir vikið öll mun persónulegri. Það eykur líka pressuna á að vera ávallt vel undirbúinn því maður verður alltaf að geta tekið þátt í umræðum með vitrænum í hætti. Í litlum bekk verður fljótt ljóst ef einhver er illa lesinn,“ segir Arnaldur kíminn.

Í Bandaríkjunum er rík hefð fyrir mikill samkeppni og menn reyna reglulega að mæla eftir ákveðnum leiðum hver sé besti skólinn. Yale Law School virðist almennt tróna á toppnum í slíkum könnunum. „Ég held reyndar að slíkar mælingar séu alltaf dálítið afstæðar. Ég hefði sjálfur verið sáttur við hvern þann skóla þar sem ég sótti um skólavist,“ bætir Arnaldur við.

Bandaríkjamenn hafa ætíð hugsað mikið um slíkar mælingar og af þeim sökum sækja margir sterkustu námsmenn þeirra í laganámið í Yale. Arnaldur kynntist ýmsu áhugaverðu fólki í skólanum. „Sumir eru alvörugefnir og stefna hátt í stjórnmálum. Þeir vilja jafnvel feta í fótspor fyrrverandi nemenda á borð við Bill og Hillary Clinton. Aðrir eru skemmtilega flippaðir, til dæmis einn skólafélagi minn sem fjármagnar skólagjöld og lífsstíl sinn með stærðfræðikunnáttu sinni. Hann telur spil í spilavítum, eins og í kvikmyndinni Rain Man. Svo var hann fyrrverandi atvinnumaður í hnefaleikum,“ segir Arnaldur.

„Svo hafði ég einn kennara sem heitir Amy Chua. Hún er ekki aðeins fræg fyrir lögfræði heldur skrifaði bókina Battle Hymn of the Tiger Mother, þar sem hún lýsti þeim ofurströngu uppeldisaðferðum sem hún beitti á dætur sínar.



**DÚXINN** Arnaldur og forseti Yale Law School, Robert C. Post. MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Sumir eru alvörugefnir og stefna hátt í stjórnmálum. Þeir vilja jafnvel feta í fótspor fyrrverandi nemenda á borð við Bill og Hillary Clinton.**

Bókin var mjög umdeild, og flestir íslenskir foreldrar myndu sennilega gapa af undrun yfir þeim harkalegu aðferðum sem hún beitti, en hún virtist alltaf breytast í mjög indæla manneskju þegar kom að samskiptum við nemendur,“ segir Arnaldur að lokum. olof@frettabladid.is




Stjórnarandstaðan sakaði ríkisstjórnina um að svíkja loforð um skuldalausn:

# Aldrei rætt um ávísanir í sumar

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra mælti á Alþingi í gær fyrir þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Tillagan er í tíu liðum og felur meðal annars í sér að settur verður á fót sérfræðingahópur sem á að útfæra mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra lána.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi tillöguna og sagði að hún væri óljós og ekki í samræmi við kosningaloforð framsóknarmanna.

„Hér er bara verið að tala með almennu blaðri og lofti um ekki neitt. Það er ekkert í þessu efnislegt sem hönd á festir og það er auðvitað ekki sæmandi ríkisstjórn sem situr í krafti þess að hafa lofað mönnum handföstum aðgerðum í skuldalækkun núna í sumar.“

Forsætisráðherra sakaði Árna Pál um rangfærslur og útúrsnúninga. „Það gengur ekki að háttvirtur þingmaður Árni Páll Árnason haldi áfram, enn, eftir að búið er að leiðrétta hann nokkrum sinnum, að fullyrða að framsóknarmenn hafi boðað að það yrðu greiddar út, sendar út einhverjar ávísanir eða fólk fengi peninga borgaða strax í sumar vegna skuldaleiðréttingaraðgerða. Það hefur legið fyrir frá upphafi að þetta héldist í hendur við annað og tengdist öðrum málum.“

- hks



**GAGNRÝNDUR** Forsætisráðherra sakaði formann Samfylkingarinnar um útúrsnúninga og rangfærslur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jutlandia Harðviður

FSC

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

SPARIÐ 27.960

VERSLANIR OKKAR Í SMÁRATORGI, SKEIFUNNI OG Á SELFOSSI VERÐA OPNAR ÞANN 17. JÚNÍ

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



BORÐ + 4 STÓLAR

BORÐ + 4 STÓLAR

59.990

**TRAPANI BORÐ OG 4 PORTLAND STÓLAR**

Vandað borð úr gegnheilum harðviði. Stillanlegir stólar úr gegnheilum harðviði. Stærð á borði: B95 x L214 sm. Borð **39.990** Stóll **11.990**

Vnr. 3714100, 3758501

INTEX



VERÐ FRÁ:

1.895

**VELOUR VINDSÆNGUR**

Stærð: 76 x 191 x 22 sm. **1.895** Stærð: 137 x 191 x 22 sm. **3.895**

Stærð: 152 x 201 x 22 sm. **4.495** Stærð: 183 x 201 x 22 sm. **5.995**

Vnr. 4733600, 4733200, 4734100, 4735900



FRÁBÆRT VERÐ

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

Jutlandia Polyrattan

Price Star

ALLT SETTIÐ VERÐ AÐEINS:

36.990

**GERONA GARÐHÚSGÖGN**

Sett úr stáli og veðurþolnu, fléttuðu polyrattan efni. Flott borð með glerplötu úr hertu gleri, 2ja sæta sófi og 2 armstólar. Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja. Stærð á borði: B80 x L76 x H40 sm. Stóll: B64 x D66 x H76 sm. Sófi: B118 x D66 x H76 sm.

Vnr. 3712842



FRÁBÆRT VERÐ

STÆRÐ: 305 SM.

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET

33.990

**TRAMPÓLÍN**

Trampólín Ø305 x H70 sm. **19.950** Öryggisnet **14.950**

Vnr. 4701690

KRONBORG OF DENMARK

BASIC FRÁBÆRT VERÐ



KAUPTU 2 OG SPARAÐU 1000

1 STK.

1.995

**NIKKA SÆNGURVERASETT**

Efni: 100% polyestermíkrófíber. Lokað að neðan með rennilás.

Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. 1 stk. **1.995** Nú 2 stk. **2.990**

Vnr. 1226980



Vnr. 1942800

Vnr. 1932300

SÁPUKÚLUSVERÐ

295

VATNSBYSSA

299

STÓRAR KRÍTAR 20 STK.

295

VATNSHÓLKUR

795

Vnr. 1989400

Vnr. 3950200

**PAPRIKA PEYSUR**

Flottar velourpeysur fáanlegar í 2 litum.

Fusion coral: M-XXL.

Grá: S-XXL.

Vnr. 57180800030



35% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

1.295



4 STK.

34% AFSLÁTTUR

4 STK. FULLT VERÐ: 1.196

795

SUN GARDEN

**SHEFFIELD SESSUR**

Fyrir stól eða bekk. Margir litir og munstur.

Stærð: 34 x 36 sm. 2,5 sm. þykk. 1 stk. **299**

Vnr. 4827402



FÁNI

99

**ÍSLENSKI FÁNINN**

Flottur fáni á priki. Fáni: 30 x 46 sm.

Prik: 60 sm. Vnr. X31300160



20% AFSLÁTTUR

**SUNDPOKI**

Fæst í 3 litum.

Vnr. 550-1243

FULLT VERÐ: 595

475

**VALENTIN KOLLUR**

Kollur með skinni.

Stærð: B30 x D30 x H45 sm.

Vnr. 39852001

SPARIÐ 3000



MEÐ SKINNI

FULLT VERÐ: 6.995

3.995

**13 LÍTRA PLASTKASSI**

Plastkassi með loki og handfangi.

Vnr. 1234



13 LTR.

13 LÍTRA

1.295

## SVONA ERUM VIÐ



**1.235.968 sígarettupakkar seldust á Íslandi árið 2012.**
**Það jafngildir því að hver Íslendingur 15 ára og eldri hafi að jafnaði reykt 49 pakka af sígarettum á árinu.**
Að jafnaði deyr einn Íslendingur á dag af völdum tóbaksreykinga.

Hafsteinn Eyland Brynjarsson var meðal blóðgjafa á blóðgjafadegi:

# Bankinn bjargaði lífi dótturinnar

**SAMFÉLAGSMÁL** Yfir 120 manns gáfu blóð í tilefni alþjóðlega blóðgjafadagsins sem haldinn var hátíðlegur í Blóðbankanum við Snorrabraut í gær. Þeirra á meðal var Hafsteinn Eyland Brynjarsson sem gefur blóð á þriggja mánaða fresti.

Hann hefur verið reglulegur gjafi síðan dóttir hans lenti á gjörgæslu fyrir tveimur árum: „Ég hafði ekki mikið pælt í Blóðbankanum fyrr en við þurftum að fá blóð úr honum. Dóttir mín, þá tveggja ára, fékk blóðnasir, blóðið storknaði ekki og það fór svo að hún missti mikið blóð, lenti á gjörgæslu og var lengi á spítala. Síðan þá höfum við hjónin gefið blóð reglulega," segir Hafsteinn. - sbt



**FEÐGIN Í BLÓÐBANKANUM** Hafsteinn Eyland Brynjarsson hefur verið fastagestur í Blóðbankanum síðan dóttir hans, Hafrós Myrra, lenti á gjörgæslu fyrir tveimur árum en hún var með í för í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný skýrsla um fólksfjölgun:

## 9,6 milljarðar jarðarbúa 2050

**FÓLK** Jarðarbúum mun fjölga úr 7,2 milljörðum í 8,1 milljarð fram til ársins 2025. Fjöldi jarðarbúa verður orðinn 9,6 milljarðar árið 2050. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna um fólksfjölgun. Samkvæmt henni mun fólki fjölga langmest í þróunarríkjum, eða úr 5,9 milljörðum í 8,2 milljarða fram til ársins 2050.

Á þessum tíma er gert ráð fyrir því að fjöldi fólks í þróuðum ríkjum standi að mestu í stað og verði í kringum 1,3 milljarðar. - þeb



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Starfsmönnum háskóla fækkar á meðan nemendum fjölgar.

Ekki verið færri síðan 2005:

## Starfsmönnum í háskóla fækkar

Á vef Hagstofu Íslands kemur fram að starfsmönnum í háskóla fækkaði um 4,6 prósent á milli áranna 2010 og 2011, en á sama tíma fjölgaði nemendum á háskólastigi um 1,7 prósent.

Háskólastarfsmenn hafa ekki verið færri síðan árið 2005 en þeir voru 2.902 í nóvember 2011, 141 starfsmanni færri en árið áður.

Munurinn á fjölda starfsmanna liggur aðallega í mismunandi fjölda leiðbeinenda kennaranema. Þeir voru 129 árið 2010 en enginn í nóvember 2011. Konur voru fjórir af fimm leiðbeinendum kennaranema og hefur konum, meðal starfsmanna, fækkað um 7,5 prósent frá fyrra ári samanborið við 1,2 prósent karla. -le

## ÞÝSKALAND

### Fölsuðu framúrstefnulist

Þýska lögreglan hefur komið upp um alþjóðlegt glæpagengi sem sérhæfði sig í að falsa verk eftir þekkta rússneska framúrstefnulistamenn. Græddu falsararnir margar milljónir evra á athæfi sínu samkvæmt yfirlýsingum lögreglu. Tveir menn, grunaðir um að vera leiðtogar gengisins, voru handteknir og settir í gæsluvarðhald. Eiga þeir að hafa framleitt og selt yfir 400 listaverk síðan 2005. Listaverkin voru titluð sem áður óþekkt verk eftir listamenn eins og Vasily Kandinsky og Kazimir Malevich.

# Óvættur vaknar í Nykurtjörn og spúir yfir Svarfaðardalinn

Öflugt hlaup varð úr Nykurtjörn í Svarfaðardal eftir margra áratuga hlé. Bóndinn á Grund segir hamfarirnar hafa verið ógnvænlegar. Fyrir heppni hafi grafa verið á staðnum og hún nýst til að beina flóðinu frá bænum.

**HAMFARIR** „Þetta var óhugnanlegt því flóðið stefndi beint á húsin," segir Friðrik Þórarinsson, bóndi á Grund í Svarfaðardal, um mikið hlaup úr Nykurtjörn á sunnudagskvöld.

Þjóðsagan segir að kynjaskepnan nykur búi í Nykurtjörn, sem er í skál í 660 metra hæð í fjallinu ofan við bæinn. Það viðsjárverða kvikindi valdi öðru hverju framhlaupi með því að velta sér í tjörninni.

„Menn velta þessari sögu ekki svo mikið fyrir sér nú en ég heyri á eldri mönnum að þeir eru gífurlega hræddir við lækinn úr tjörninni," segir Friðrik sem kveður viðlíka hlaup og nú ekki hafa orðið úr Nykurtjörn frá því hann hóf búskap á Grund árið 1986. „Það er sagt að jörðin sé varhugaverð og þegar við fórum að búa þarna vöruðu gömlu mennirnir okkur mjög við," segir hann.

Áður fyrr var alltaf farið og mokað frá affallinu á Nykurtjörn til að hindra að það stífladist af snjó og hækkaði í tjörninni. Friðrik segist jafnan hafa gengið á fjallið fyrstu árin en aldrei þurft að moka. Vetur hafi orðið snjóléttari og hann hætt að fylgjast með. „Ég fór að verða kærulaus. En það má greinilega ekki sofna á verðinum," segir Friðrik, sem fékk rækilega áminningu frá Nykurtjörn um klukkan níu á sunndagskvöldið.

„Það voru svakaleg læti og miklar drunur. Krafturinn er rosalegur af því að fallhæðin er svona mikil. Við fórum fyrst í að koma kindunum í burtu. Það var beltagrafa þarna rétt við og við gátum farið strax í að veita flóðinu í annan farveg þannig að það færi ekki á húsin," segir Friðrik sem hrósar happi yfir því að stíflan hafi ekki brostið þegar allir voru í fastasvefni. „Skaðinn varð ekki tilfinnanlega mikill en hefði getað orðið miklu meiri. En maður sá ógnina. Þessi hætta er alltaf til staðar og hún er ekki einkamál þess sem býr undir þessu. Það þarf eitthvað að gera og ég veit að það á að ræða það í bæjarstjórn Dalvíkur," segir bóndinn á Grund. gar@frettabladid.is



**SVIPAST UM EFTIR FLÓÐIÐ** Mannskapurinn virðir fyrir sér vegsummerki eftir hamfarirnar sem dundu á bænum Grund í Svarfaðardal eftir að krapastífla brast í Nykurtjörn. MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Þegar við fórum að búa þarna vöruðu gömlu mennirnir okkur mjög við.**
>
> *Friðrik Þórarinsson, bóndi á Grund í Svarfaðardal.*

### Reynir að tæla fólk á bak og drekkja því

„Nykur er þjóðsagnaskepna sem á að líkjast gráum hesti en þekkist á því að hófar hennar snúa aftur," segir á Vísindavef Háskóla Íslands þar sem fjallað er um kynjaskepnuna nykur.

„Samkvæmt norrænni þjóðtrú lifir nykurinn í vötnum. Hann gengur á land og reynir að tæla fólk á bak sér og hleypur þá með knapann út í vötn.

Orðið nykrað er notað í bragfræði og vísar til ósamstæðra líkinga líkt og orðið finngálknaður var í fornu máli haft um ósamrýmanlegar eða afskræmdar líkingar í skáldskap. Finngálknaður er eins og nykrað dregið af heiti furðuskepnu en finngálkn var maður ofan en dýr að neðan.

Til þess að hrekja nykur á flótta átti að vera nóg að nefna nafn hans."

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands.

VORHREINSUN
Aðeins 4 verð í búðinni
2000 kr. - 3000 kr.
4000 kr.- 5000 kr.
Mind Xtra
Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Herra hafnarfjörður
S. 572 3400

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGLÆTISVEÐUR** Næstu dagar verða tíðindalitlir. Vindur verður yfirleitt hægur, úrkomulítið á landinu með nokkuð björtu veðri inn til landsins en hætt við þokulofti við sjávarsíðuna. Sólin lætur vonandi eitthvað sjá sig í öllum landshlutum!




**Á morgun**
Hæglætisveður.




**Sunnudagur**
Breytileg átt eða hafgola.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Berlín | 21° | Friedrichshafen | 23° | Las Palmas | 24° | New York | 21° | París | 20° |
| Aþena | 26° | Billund | 17° | Gautaborg | 18° | London | 19° | Orlando | 32° | San Francisco | 20° |
| Basel | 29° | Frankfurt | 19° | Kaupmannahöfn | 18° | Mallorca | 29° | Ósló | 20° | Stokkhólmur | 17° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Rellur verð frá 399



# HÆ HÓ JIBBÍ JEI!

## MIKIÐ ÚRVAL AF BLÖÐRUM, RELLUM, FÁNUM OG SLEIKJÓUM FYRIR 17. JÚNÍ



Blöðrur verð frá 799






Sleikjó verð frá 119

# OPIÐ 17. JÚNÍ

| OPIÐ 17. JÚNÍ | SKEIFAN GARÐABÆR EIÐISTORG AKUREYRI | HOLTAGARÐAR SPÖNG SMÁRALIND | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS | KRINGLAN |
|---|---|---|---|---|
| Mánudagur 17. júní | 24 TÍMA | 12-20 | 12-18 | LOKAÐ |



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1.** Hverjir voru valdir leikarar ársins á Grímuhátíðinni?
**2.** Hvað verður opnað í næstu viku við Seljalandsfoss?
**3.** Hvað eru stýrivextir Seðlabanka háir?

**SVÖRIN**

**1.** Ólafur Darri Darrason og Kristbjörg Kjeld fyrir leik í aðalhlutverkum. **2.** Veitingasöluvagn. **3.** Sex prósent.

Saksóknari mótmælti ekki frávísun lítils hluta af stóra markaðsmisnotkunarmálinu hjá Kaupþingi:

# Hluta af ákæru gegn Björk vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur vísaði í gær frá hluta af ákæru sérstaks saksóknara á hendur Björk Þórarinsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs hjá Kaupþingi.

Björk er í hópi níu fyrrverandi starfsmanna Kaupþings sem sæta ákæru fyrir allsherjarmarkaðsmisnotkun í bankanum fyrir hrun.

Björk sat í lánanefnd bankans og var ákærð fyrir að taka ákvörðun um tvær lánveitingar til hlutabréfakaupa í bankanum, annars vegar til félagsins Holt Investment Group, í eigu Skúla Þorvaldssonar, og hins vegar Desulo Trading, í eigu Egils Ágústssonar.



BJÖRK ÞÓRARINSDÓTTIR



BJÖRN ÞORVALDSSON

Síðari hlutanum, þeim er varðaði Desulo Trading, var vísað frá vegna þess að réttarstöðu Bjarkar var breytt úr sakborningi í vitni og aftur til baka við meðferð málsins án þess að nokkrar nýjar upplýsingar hefðu komið fram, að mati dómara.

Saksóknarinn Björn Þorvaldsson andmælti niðurstöðunni ekki. Spurður hvort það þýði að hann hafi verið sammála henni svarar Björn játandi. „Það var að minnsta kosti nokkur fótur fyrir henni,“ segir hann.

Í þinghaldinu í gær var einnig ákveðið að verjendur fengju sjö mánaða frest til að skila greinargerðum í málinu, til 14. janúar næstkomandi. Aðalmeðferð er ekki áætluð fyrr en á vormánuðum 2014. - sh

➔ Verjendur fá sjö mánaða frest til að skila greinargerð eins og í Al Thani-málinu.






**Á FUNDI** Utanríkisráðherra hitti stækkunarstjóra ESB á fundi í Brussel í gær þar sem tilkynnt var formlega um hlé á aðildarviðræðum.
MYND/FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB

# Áfram verði byggt á því sem unnist hefur

Utanríkisráðherra tilkynnti stækkunarstjóra ESB með formlegum hætti í gær að hlé verði gert á aðildarviðræðum. Báðir aðilar lögðu áherslu á að halda áfram góðum samskiptum. Ræddi einnig varnarmál við framkvæmdastjóra NATO.

**EVRÓPUMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra kynnti fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í gær formlega að hlé hefði verið gert á aðildarviðræðum Íslands við sambandið. Aðilar urðu sammála um að halda áfram samvinnu á mörgum sviðum og fulltrúar ESB lögðu áherslu á að byggt yrði áfram á því sem unnist hefði síðustu ár.

„Persónulega var þetta ekki auðvelt fyrir mig,“ sagði Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, við fjölmiðlamenn, aðspurður um sína skoðun á ákvörðuninni.

„En ég er líka fagmaður og virði án nokkurra spurninga og vafa vilja kjörinna fulltrúa og kjósenda.“

Lagði Füle einnig áherslu á að samskipti Íslands og ESB yrðu enn efld á komandi árum, og byggt á þeim árangri sem þegar hefði náðst.

„Ég útskýrði fyrir honum að þetta væri fyrst og fremst pólitísk ákvörðun sem byggði á stefnuskrám og yfirlýsingum stjórnarflokkanna,“ sagði Gunnar Bragi í samtali við fréttastofu. „Þeir sögðust mundu virða það og vilja vinna með okkur að þeim málum sem við getum nálgast saman.“

Með þessu er öll vinna stöðvuð við aðildarferlið, en samningaviðræður höfðu hafist um 27 samningskafla af 33 og var lokið í ellefu þeirra. Ekki verður heldur gengið frá samningsafstöðu Íslands í þeim fjórum samningsköflum sem eftir eru.

„Það segir sig sjálft að þegar við gerum hlé þá er öll slík vinna lögð til hliðar. Það eru ákveðin vonbrigði fyrir þá en þeir virða og skilja að þetta sé lýðræðisleg ákvörðun.“

thorgils@frettabladid.is

## Fagnaði loftrýmisgæslu NATO-ríkja



Gunnar Bragi hitti í gærmorgun Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra NATO. Þeir ræddu meðal annars um stefnu og áherslur ríkisstjórnarinnar í utanríkis- og varnarmálum. Lagði ráðherra áherslu á að aðildin að NATO sé meginstoð í vörnum Íslands og fagnaði vilja bandalagsríkja til þátttöku í loftrýmisgæslu Íslands.

Í ferðinni hitti ráðherra einnig utanríkisráðherra Litháens, sem tekur við formennsku í ráðherraráði ESB um næstu mánaðamót, og kynnti sér starfsemi EFTA.




Hafnfirðingar vilja samráð um vernd vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu:

# Alvarleg hætta var við olíuleka

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráð Hafnarfjarðar vill að Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri beiti sér fyrir samráði sveitarfélaga um vatnsverndarmál á höfuðborgarsvæðinu.

Að sögn umhverfisráðsins voru vatnsból í „alvarlegri mengunarhættu“ þegar 600 lítrar af olíu láku úr tanki sem flytja átti að Þríhnúkagíg 8. maí.

„Aðgerðir til hreinsunar hófust tveimur tímum seinna, á þeim tíma hefur töluvert magn lekið niður í hraunið og ekki náðst upp,“ segir umhverfisráðið. Ekki hafi náðst að hreinsa upp 100 til 150 lítra.

„Nokkur slys hafa verið á vatnsverndarsvæðinu þar sem töluvert magn olíu hefur lekið niður. Einnig er mikið um olíuflutninga á Suðurlandsvegi sem er á fjarsvæði vatnsverndarinnar,“ segir umhverfisráðið, sem kveður um mikla hagsmuni að ræða fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Gera þurfi samræmdar viðbragðsáætlanir, setja skýrar reglur um farartæki og loftför sem fara yfir vatnsverndarsvæðið og að gera kröfur á Vegagerðina um frágang á vegum. - gar



**VIÐ ÞRÍHNÚKAGÍG** Olíu þarf til að knýja búnað félagsins sem selur aðgang að Þríhnúkagígi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# ENGINN SKATTUR

Í SUMAR EF ÞÚ BÓKAR FYRIR 18. JÚNÍ
(TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ)



2.500 KR.* FLUGSLÁTTUR AF HVERJUM FLUGLEGG

SMELLTU ÞÉR Á FLUGFELAG.IS

SLÁÐU INN FLUGSLÁTTARKÓÐANN VIÐ BÓKUN:

**SUMAR**

TJING! ÞÚ FÆRÐ AFSLÁTT

**FLUGFELAG.IS** | **FARSÍMAVEFUR:** m.flugfelag.is | **VINGUMST:** facebook.com/flugfelag.islands

Fljúgðu skattfrjálst í sumar með flugslætti Flugfélags Íslands. Bókaðu flugið innanlands fyrir 18. júní og sláðu inn afsláttarkóðann SUMAR í reitinn flugsláttur. Flugslátturinn færir verðið niður um það sem nemur skattinum og þú flýgur skattfrjáls eins og fuglinn í allt sumar.

* SUMAR-flugsláttur gildir um bókanir fyrir 12 ára og eldri á netinu dagana 14.-18. júní 2013 í flug til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands frá **18. júní til 18. ágúst.**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Fleiri megavött með nýrri tækni

Fjölmargar spurningar hafa vaknað um Hellisheiðarvirkjun eftir að Orkuveita Reykjavíkur sagði frá því að bregðast yrði við minnkandi framleiðslu. Alþingismaður spyr um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og efast reyndar um að það hafi verið fullnægjandi.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



**FRÉTTASKÝRING**
Nær mat á umhverfisáhrifum að dekka alla framleiðslu Hellisheiðarvirkjunar?



**VIÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Uppsett afl er 303 megavött. Nú eru framleidd 276 megavött í virkjuninni, en meiri gufu þarf til að halda uppi fullum afköstum. Til þess vill Orkuveitan tengja virkjunina við háhitasvæðið í Hverahlíð með gufulögn. Sú framkvæmd þarf líklega að fara í umhverfismat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrsti fundur nýrrar umhverfis- og samgöngunefndar og atvinnuveganefndar var haldinn sameiginlega á miðvikudag og var vinnslugeta Hellisheiðarvirkjunar til umfjöllunar. Staða virkjunarinnar hefur vakið ýmsar spurningar, án þess að við þeim hafi verið gefið einhlítt svar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá bar Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, fram þá spurningu á fundinum hvort öll raforkuframleiðsla Hellisheiðarvirkjunar, en uppsett afl hennar er 303 megavött, hefði fallið undir gildandi mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. „Var það ekki einfaldlega þannig að það fór ákveðin stærð í umhverfismat, síðan var samt sem áður gengið lengra án umhverfismats. Síðan hafa menn verið að ganga of langt, og langt umfram það sem fjallað var um í umhverfismatinu,“ bætti Kristján við.

**Tæknilegur ávinningur**

Árið 2004 kvað Skipulagsstofnun upp úrskurð vegna virkjunar á Hellisheiði sem gerði ráð fyrir 120 megavatta (MW) rafmagnsframleiðslu og 400 MW heitavatnsframleiðslu. Árið 2006 kvað stofnunin upp úrskurð um 120 MW stækkun Hellisheiðarvirkjunar.

Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun fékk stofnunin þess utan sent erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) annars vegar árið 2005, þar sem fyrirtækið gerði grein fyrir tæknilegri breytingu á Hellisheiðarvirkjun sem gerði ráð fyrir að lágþrýstivél væri bætt við vinnsluna sem áætlað var að myndi auka rafmagnsframleiðslu um allt að 40 MW. Skipulagsstofnun taldi að breytingarnar væru ekki tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu þar sem fyrir lá, samkvæmt framlögðum gögnum OR, að þó að um væri að ræða aukna rafmagnsframleiðslu um 40 MW, úr 120 MW framleiðslu í 160 MW, myndi sú aukning ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif umfram þau áhrif sem áður höfðu verið til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum virkjunar á Hellisheiði.

Hins vegar fékk Skipulagsstofnun erindi frá OR árið 2007 þar sem fyrirtækið gerði grein fyrir áformum um aukningu rafmagnsframleiðslu um 30 MW með því að hækka rekstur á hverri vélasamstæðu úr 40 MW í 45 MW. Skipulagsstofnun taldi að þessi áform væru ekki tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum. Stofnunin taldi að ljóst væri, samkvæmt framlögðum gögnum OR, að þó að um yrði að ræða aukna rafmagnsframleiðslu um 30 MW myndi sú aukning ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif annars eðlis eða meiri umfram þau áhrif sem áður höfðu verið til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum ofangreindra framkvæmda við virkjun og stækkun.

Þannig hefur komið til umfjöllunar Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum alls um 310 MW rafmagnsframleiðsla Hellisheiðarvirkjunar og 400 MW heitavatnsframleiðsla.

## Kunnuglegt stef

**Ýmsir óvissuþættir voru til staðar þegar úrskurðir vegna framkvæmda við Hellisheiðarvirkjun voru gerðir, og má lesa í ítarlegum úrskurðum Skipulagsstofnunar. Þeir hljóma kunnuglega í eyrum þeirra sem hafa fylgst með umræðunni um vanda virkjunarinnar nú áratug síðar.**

- ➜ Skipulagsstofnun taldi ljóst að sú jarðhitavinnsla sem fyrirhuguð var á Hellisheiði í byrjun mætti túlka sem ágenga vinnslustefnu. „Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um áhrif 120 MW virkjunar á Hellisheiði á jarðhitakerfið hefði að mati stofnunarinnar verið ákjósanlegra í upphafi að ráðast í virkjun minni áfanga, til dæmis 40 MW áfanga. Þannig hefði verið unnt að meta betur viðbrögð kerfisins við vinnslu og fyrir lægi betri grunnur til að byggja á frekari nýtingu svæðisins, auk minni óvissu um áhrif nýtingar,“ segir í fyrri úrskurðinum frá 2004.
- ➜ Skortur á þekkingu og reynslu af rekstri jarðhitavirkjana setti enn fremur spurningarmerki við hraða framkvæmdarinnar, að mati Skipulagsstofnunar á þeim tíma.




FUNDARÖÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

EVRÓPUSAMRÆÐUR

DEVELOPMENT OF THE EU'S FISHERIES POLICY – THE DANISH EXPERIENCE

**Í DAG, FÖSTUDAG 14. JÚNÍ KL. 12.00-13.00**
**Í NORRÆNA HÚSINU**

Þróun sjávarútvegsstefnu ESB – reynsla Dana

Erindið mun fjalla um sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB í sögulegu ljósi. Sjávarútvegsstefnan á upphaf sitt að rekja til stækkunar íslenskrar landhelgi og þorskastríðanna í hafinu umhverfis Ísland. Frá því að sameiginlega sjávarútvegsstefna aðildarríkja ESB var sett á laggirnar árið 1982 hefur hún verið endurskoðuð á tíu ára fresti. Nýverið komu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið sér saman um breytingar á henni. Rætt verður um mikilvægustu breytingarnar sem gerðar hafa verið á stefnunni og þær settar í samhengi við íslensk lög þar sem það á við.



Ole Poulsen
Ole Poulsen er einn helsti sérfræðingur Dana í sjávarútvegsmálum og fyrrverandi sviðsstjóri sjávarútvegsmála í landbúnaðar-, sjávarútvegs- og matvælaráðuneyti Danmerkur.

**Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allar nánari upplýsingar:** www.ams.hi.is
Alþjóðamálastofnun á Facebook: www.facebook.com/althjodamalastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands heldur tíu málstofur um Evrópusamrunann og Ísland. Stofnunin hlaut styrki frá Evrópustofu og úr Jean Monnet sjóði ESB til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi.

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB | Education and Culture Lifelong Learning Programme JEAN MONNET | ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI HÁSKÓLI ÍSLANDS




**ALEPPO** Átökin hafa verið einna mannskæðust í Aleppo. Rúm tvö ár eru frá því að átökin í Sýrlandi hófust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný skýrsla frá Sameinuðu þjóðunum:

# 93 þúsund fallnir í átökum í Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Fimm þúsund manns hafa látist í hverjum einasta mánuði undanfarið ár í Sýrlandi. 93 þúsund dauðsföll hafa verið staðfest, samkvæmt nýjum tölum mannréttindaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

Sameinuðu þjóðirnar segja þó að taka beri þessum tölum með fyrirvara þar sem aðeins sé um að ræða staðfest dauðsföll. Líklega sé fjöldi látinna miklu meiri.

Navi Pillay, yfirmaður mannréttindaskrifstofu SÞ, segir 27 þúsund manns hafa látist frá fyrsta desember. „Þessi rosalegi fjöldi drápa, mánuð eftir mánuð, endurspeglar ört versnandi átök síðasta árið,“ segir hún.

Áttatíu prósent hinna látnu eru karlmenn en mikill fjöldi barna hefur látist í stríðinu. „Morð á minnst 7.055 börnum, þar á meðal að minnsta kosti 1.729 börnum undir tíu ára aldri, hafa verið skrásett. Það eru einnig skráð dæmi um börn sem hafa verið pyntuð og tekin af lífi, og dæmi um fjöldamorð á heilu fjölskyldunum, þar á meðal ungabörnum. Þetta, ásamt hræðilega hárri tíðni dauðsfalla, eru bara skelfilegar áminningar um hversu grimmilegt stríðið er orðið.“ **- þeb**

**7.055**
skrásett dæmi eru um dauðsföll barna í stríðinu í Sýrlandi. Fjöldinn er líklega mun meiri.



# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ!




## SÉRVÖRU-BÆKLINGURINN

ER KOMINN ÚT!

Stútfullur af skemmtilegu dóti

## OPIÐ Í ÖLLUM NETTÓVERSLUNUM Á 17. JÚNÍ

NÁNAR Á WWW.NETTO.IS

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**Hressir strákar í Vinnuskólanum** „Þetta er algjör snilld. Maður kvartar helst yfir of háum launum," segja dugnaðarforkarnir og grínistarnir Daníel, Kristján Óli, Ýmir, Benjamín Andri og Arnór Elí. „Það skemmtilegasta við starfið er leiðbeinandinn okkar hún Togga." Að sögn þeirra er mikilvægt að hafa hressan yfirmann í svona starfi. Jákvæðni er lykilorð hópsins og Daníel vill koma því á framfæri að honum þyki sérstaklega gaman að reyta arfa. MYNDIR/ANTON

# Bjargvættirnir í grasinu

Ungir starfsmenn Vinnuskólans í Reykjavík hófu störf í vikunni. Þessir krakkar mættu glaðbeittir til vinnu við beðin við Árbæjarskóla og stunda garðyrkjustörfin með jákvæðni að leiðarljósi. Fæst þeirra ætla þó að leggja garðyrkjuna fyrir sig en finnst gaman að vinna saman yfir sumartímann. nannae@365.is



### Ætla að hafa það kósí

Dagný Rut Jónsdóttir og Jóhanna Ósk Guðmundsdóttir luku við grunnskóla nú í vor. Þær stefna ekki á að leggja fyrir sig garðvinnu í framtíðinni en finnst skemmtilegt að vinna við þetta yfir sumarið. „Það er gaman að vera með öllum krökkunum," segja stöllurnar. Þær hafa ekki ákveðið hvað tekur við þegar sumarvinnunni lýkur en Dagný segist vilja ferðast og vera með vinunum. „Ætla bara að hafa það kósí," bætir Jóhanna við áður en þær halda til baka í beðin.



**1.830** unglingar störfuðu síðasta sumar hjá skólanum. Vinnuafl skólans er mikilvægt og hefur afgerandi áhrif við að ná fram markmiðum borgarinnar um að hafa hana hreina og fallega.

**62** ár eru síðan Vinnuskóli Reykjavíkur var stofnaður árið 1951 og hafa þúsundir unglinga starfað á vegum hans.

### Nauðsynlegir starfskraftar

Ef nemendur Vinnuskólans sinntu ekki þessum störfum þyrfti að bjóða þau út eða að viðkomandi aðilar yrðu að ráða til sín starfsfólk til að sjá um þessi verkefni.

### Vinnuskólinn fylgir grænfánastefnunni

Grænfánastefnan er alþjóðlegt verkefni sem á að auka umhverfismennt í skólum. Þessi græni fáni er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Til þess að komast á græna grein og fá leyfi til þess að flagga grænfánanum þurfa skólarnir að stíga skrefin sjö, en það eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Nemendur í Árbæjarskóla eru duglegir við að fylgja grænfánastefnunni. Þeir fá ekki bílfar í vinnuna heldur hjóla eða ganga, nota fjölnota nestisbox frekar en einnota nestispoka og hvetja yfirmann sinn til þess að gera slíkt hið sama. Þeir gengu raunar svo langt að hóta því að henda eggjum í bíl leiðbeinandans ef hann svikist undan grænfánastefnunni og mætti á honum, en það var allt gert í góðu gamni.

### Raðað með jafnöldrum

Fyrra starfstímabil nemenda hófst nú á mánudag og stendur til mánaðamóta. Nemendum er yfirleitt raðað með jafnöldrum sínum úr sama skóla.

Ótrúleg verð!
Billund
Frá kr. 14.900

Heimsferðir bjóða ótrúlegt verð á völdum dagsetningum til Billund í sumar og haust.

**Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!**

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

33 verslanir bættust við hjá Iceland á nýloknu rekstrarári:

# Góður gangur hjá Iceland Foods

**VIÐSKIPTI** Sala Iceland Foods jókst um eitt prósent, eða sem nemur 2,64 milljörðum punda á rekstrarárinu sem lauk í marslok. Upphæðin nemur um 498 milljörðum króna.

Í umfjöllun European Supermarket Magazine (ESM) kemur fram að leiðréttur hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) hafi aukist um 0,6 prósent í 226,3 milljónir punda, eða tæpa 42,7 milljarða króna.

Iceland Food-samstæðan opnaði 36 nýjar Iceland-verslanir á tímabilinu og lokaði þremur. Í árslok voru því reknar 790 verslanir undir merkjum Iceland Foods. „Það sem eftir lifir árinu 2013 er áætlað að fjörutíu nýjar Iceland-verslanir verði opnaðar til viðbótar, auk þess sem úrval í netverslun verði aukið," segir í umfjöllun esmmagazine.com.

„Við ætlum að gefa viðskiptavinum okkar kost á að kaupa inn á netinu og byggjum þar á góðum árangri í tilraunum með þjónustuna í völdum verslunum sem hófust í síðasta mánuði," er haft eftir Malcolm Walker, eiganda og forstjóra fyrirtækisins. - óká



**MACOLM WALKER** 400 nýjum frosnum vörum var bætt í vörulínu Iceland Foods á nýliðnu rekstrarári.




VORTILBOÐ Á LOOP VEIÐIVÖRUM




**LOOP** OPTISTREAM FLUGULÍNA
**9.990 KR.**
FULLT VERÐ 17.390 KR.



**LOOP** XACT 9 – FYRIR LÍNU 5
4 hlutar. Kemur í hörðum hólki.
**29.990 KR.**
FULLT VERÐ 52.990 KR.




**LOOP** EVOTEC 10
Medium hröð fyrir línu 8.
**39.990 KR.**
FULLT VERÐ 69.990 KR.



**LOOP** OPTI MEGALOOP TVÍHENDUHJÓL
**59.990 KR.**
FULLT VERÐ 112.990 KR.



40% AFSLÁTTUR AF TÓBÍ-SPÚNUM



**ABU** VANDAÐ SPÚNABOX
**1.050 KR.**



**SHAKESPERE** FLUGUSTANGIR Í HÖRÐUM HÓLKI
VERÐ FRÁ **13.990 KR.**



**SHAKESPERE** KASTSTANGIR Í HÖRÐUM HÓLKI
VERÐ FRÁ **19.990 KR.**



**BERKLEY** VEIÐITASKA
Með 4 boxum
**10.990 KR.**



**ABU** ABUMATIC CLASSIC VEIÐIHJÓL
**12.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 131904

Heimahjúkrun í Svíþjóð:

# Át pastarétt skjólstæðings

**SVÍÞJÓÐ** Starfsmaður heimahjúkrunar í Malmö hefur verið kærður fyrir að stela pastarétti af skjólstæðingi. Starfsmaðurinn hefur sagt starfi sínu lausu. Þjófnaðurinn uppgötvaðist þegar annar starfsmaður kom til skjólstæðings og tók eftir því að matinn vantaði. Fyrr um daginn hafði enn einn starfsmaður tekið eftir því þegar starfsfélaginn kom út úr íbúðinni með pastaréttinn í höndunum.

Hinn kærði kvaðst hafa keypt matinn til að hafa í kvöldmat. - ibs

Karlmaður dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að nauðga tólf ára stjúpdóttur vinar síns:

# Var „dauð dúkka“ og gat ekki hreyft sig

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt karlmann í átján mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur vinar síns, sem þá var tólf og þrettán ára gömul.

Maðurinn er sakfelldur fyrir nauðgun með því að hafa leitað á stúlkuna á heimili sínu sumarið 2011, reynt að kyssa hana, káfað á brjóstum hennar og stungið fingri í leggöng hennar. Í öðrum ákærulið er honum gefið að sök sams konar brot í sumarbústaðarferð vorið eftir. Hann var sýknaður af því að hafa stungið fingri í leggöng stúlkunnar í heitum potti við bústaðinn en sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn henni innandyra.

Stúlkan lýsti því að hún hefði frosið þegar maðurinn leitaði á hana í heita pottinum. „Ég var svona dauð dúkka, bara gat ekki hreyft mig eða neitt,“ sagði hún. Mamma hennar taldi hins vegar að hún hefði aldrei verið ein með manninum í pottinum og því var hann sýknaður af þeim lið ákærunnar.

Maðurinn viðurkenndi fyrir dómi að hafa átt í kynferðislegum samskiptum við stúlkuna en hélt því fram að hann hefði talið hana sextán eða sautján ára gamla. Dómurinn telur þá málsvörn fjarstæðukennda, enda augljóst að stúlkan sé miklum mun yngri. - sh

## Játaði brot en fór samt með í bústað

„Ljóst er að ákærða var leyft að slást í hópinn með fjölskyldunni í sumarbústaðarferð, þrátt fyrir að hafa, að sögn móður hennar og unnusta móðurinnar, viðurkennt að hafa framið kynferðisbrot gegn stúlkunni,“ segir í dómnum um sumarbústaðarferðina níu mánuðum eftir fyrra brotið.



**Á FLUGI** Allir farþegar nema einn fengu mat.

Matarlaus í 12 tíma flugi:

# Ekki tekið við peningaseðlum

**NOREGUR Þegar flugfreyjurnar um borð í Norwegian-farþegavélinni á leið frá Taílandi til Noregs báru fram veitingar fengu allir mat og drykk nema taílenska konan Somjit Khunnuc. Haft er eftir henni á vef Aftenposten að henni hafi fundist þetta niðurlægjandi og að hún hafi farið að gráta.**

**Flugfreyjurnar neituðu að taka við norskum og taílenskum seðlum sem greiðslu fyrir matinn. Hún gat heldur ekki greitt með korti þar sem það gilti bara í Taílandi. Norskur vinur konunnar hafði gleymt að panta mat fyrir fram fyrir hana en tjáð henni að hún gæti keypt mat um borð.**

**Fulltrúi Norwegian harmar að konan hafi verið án matar og drykkjar í tólf stunda flugferð.** - ibs








**FISKISKIP** Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar verður sérstaka veiðigjaldið svipað og á yfirstandandi fiskveiðiári en þó nokkru lægra. Að næsta fiskveiðiári loknu er gert ráð fyrir að gerð hafi verið varanleg breyting á veiðigjaldalögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sérstaka veiðigjaldið lækkar umtalsvert

Ríkisstjórnin hefur kynnt frumvarp um breytingar á lögum um veiðigjöld. Til stendur að lækka gjöldin umtalsvert frá því sem til stóð en breytingin er til bráðabirgða til eins fiskveiðiárs. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að varanleg breyting taki gildi.

**STJÓRNMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra lagði í fyrrakvöld fram frumvarp um breytingar á lögum um veiðigjöld til eins árs. Samkvæmt frumvarpinu verður sérstaka veiðigjaldið lækkað nokkuð frá því sem til stóð.

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að veiðigjöld skili ríkinu alls 9,8 milljörðum króna á næsta fiskveiðiári sem hefst 1. september. Nái það fram að ganga verða veiðigjöld því talsvert lægri en til stóð því áætlað hefur verið að veiðigjöld myndu skila 13,8 milljörðum á næsta fiskveiðiári og síðan hækka ár frá ári til fiskveiðiársins 2016 til 2017.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

Munurinn er ríflega fjórir milljarðar en á móti gætu tekjuskattsgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja hækkað um allt að 600 milljónir þar sem lægri veiðigjöld leiða til minni frádráttar frá tekjuskattstofni.

Sigurður Ingi segir að með lækkun sérstaka veiðigjaldsins sé brugðist við neikvæðum áhrifum þess á sjávarútvegsfyrirtæki auk þess sem tekið sé tillit til þess að verð á bolfisksafurðum hafi lækkað um allt að 30% á mörkuðum.

„Við höfðum af því áhyggjur að sérstaka veiðigjaldið myndi leggjast af miklum þunga á ákveðinn hluta útgerðarinnar. Það hefur komið á daginn strax fyrsta árið að fyrirtæki hafa þurft að segja upp fólki og þá hefur orðið samþjöppun í greininni,“ segir Sigurður og bætir við að við því hafi orðið að bregðast.

Alþingi samþykkti lögin um sérstakt veiðigjald í lok júní 2012. Kveða þau á um að útgerðir greiði hlutfall af framlegð í gjald. Á fyrsta fiskveiðiárinu, því yfirstandandi, var þó ákveðið að byggja gjaldtökuna á fastri krónutölu á þorskígildiskíló. Samkvæmt frumvarpi Sigurðar Inga verður gjaldtakan með svipuðum hætti.

Hin leiðin, sem núgildandi lög kveða á um að eigi að nota á næsta fiskveiðiári, er í uppnámi vegna skorts á gögnum sem nauðsynleg eru til þess að reikna út gjaldið. Því hefur ríkisstjórnin ákveðið að breyta veiðigjaldsálagningunni til bráðabirgða til eins árs en síðan er gert ráð fyrir að varanleg breyting verði gerð á veiðigjaldalögunum.

Sigurður Ingi segir hins vegar að varanlega breytingin verði ekki í anda þess frumvarps sem nú hefur verið kynnt. „Við erum að bregðast við þessum vanda með mjög stuttum fyrirvara enda áttu lögin, sem komið hefur í ljós að eru óframkvæmanleg, að taka gildi 1. september. Því erum við nú að leysa þann vanda til bráðabirgða.“

Þá segir Sigurður Ingi að varanlega breytingin muni byggja á þeirri hugmyndafræði sem ríkisstjórnin kynnti í stjórnarsáttmála sínum um fast veiðigjald og afkomutengt gjald. „Vinna við þá breytingu er hafin en frumvarpið nú byggir ekki á henni. Það miðast annars vegar við að taka tillit til þessara þátta sem ég nefndi áðan og hins vegar það að ríkissjóður þarf á fjármunum að halda í ljósi versnandi afkomu.“

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að veiðigjöld muni skila ríkissjóði 9,8 milljörðum í tekjur á næsta fiskveiðiári. Sú upphæð gæti hins vegar lækkað. Þannig var áætlað að veiðigjöld myndu skila 10,5 milljörðum á yfirstandandi fiskveiðiári. Raunveruleg upphæð verður hins vegar nær 8,3 milljörðum þar sem skuldsettar útgerðir hafa fengið afslátt af sérstaka veiðigjaldinu. Sá afsláttur verður áfram í boði á næsta fiskveiðiári. magnusl@frettabladid.is

## Skrítin tímasetning veiðigjaldslækkunar

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, er gagnrýnin á frumvarp Sigurðar Inga. „Mér finnst það skjóta skökku við að á sama tíma og ríkisstjórnin heldur blaðamannafund og talar um slæmar horfur í ríkisfjármálum þá er hún að leggja fram tvö frumvörp sem draga úr tekjum ríkisins um átta milljarða á ári. Þá er ég að vísa til lækkunar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu og lækkun á sérstaka veiðigjaldinu.“

Þá segir Katrín að tímasetningin á lækkun veiðigjaldsins sé einkennileg í ljósi sterkari stöðu fiskistofna. „Nú liggur fyrir ný veiðiráðgjöf frá Hafrannsóknastofnun sem bendir til þess að óhætt sé að veiða meiri fisk á næsta fiskveiðiári og spáir stofnunin aukningu á útflutningsverðmæti um 15 til 16 milljarða króna. Þannig að ég hefði talið að útgerðin ætti að vera aflögufær á þessum tímapunkti.“



# Gerðu kröfur TEMPUR® stenst þær !

Heilsudýnan
sem styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa



ADEINS FRÁ TEMPUR® · VIÐURKENNT TEMPUR EFNI®

## 15% afsláttur

á Tempur heilsudýnum og koddum í júní!



## Mest selda TEMPUR® heilsudýna í heimi*

TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarftTM og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.

Cloud heilsudýnan *frá* Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvíld.

Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud.

TEMPUR WARRANTY 15 · 15 YEARS LIMITED WARRANTY · MATTRESSES

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

## Frábært verð!

Cloud heilsudýnan fæst í öllum stærðum.

Verðdæmi: 160x200 cm

Verð kr. ~~266.000,-~~

Kr. 226.100,- á kynningarafsætti

Þú sparar kr. 39.900,-

**Opnum í Húsgagnahöllinni Akureyri á morgun laugardag kl. 12⁰⁰**

**Betra BAK**

**Leggur grunn að góðum degi**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

ENNEMM / SÍA / NM56580




Það kemur að því að þig langar að flytja að heiman. Hjá Íslandsbanka bjóðum við húsnæðissparnað fyrir ungt fólk sem er farið að búa sig undir framtíðina.

50%
afsláttur af
lántökugjöldum*
og frítt
greiðslumat

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000




Verðtryggður sparnaður

**2,10%** vextir*

Hentugur sparnaðartími **3 ár +**

Óverðtryggður sparnaður

**4,50%** vextir*

Hentugur sparnaðartími **1,5 ár +**

## Húsnæðissparnaður Íslandsbanka

Þú getur valið um tvo góða kosti, **verðtryggðan** sparnað sem hentar vel fyrir langtímasparnað eða **óverðtryggðan** sem hentar vel ef stefnt er á íbúðarkaup í náinni framtíð. Þegar komið er að húsnæðiskaupunum færðu **frítt greiðslumat** og **50% afslátt af lántökugjöldum*** hjá Íslandsbanka.

**Kynntu þér málið betur á www.islandsbanki.is/sparnadur eða í næsta útibúi Íslandsbanka.**

*M.v. vaxtatölu Íslandsbanka 11.06.2013. Skilyrði fyrir afslætti af lántökugjöldum og fríu greiðslumati er reglulegur sparnaður sem nemur að lágmarki 5.000 kr. út binditíma reiknings. Lánveitingar eru háðar útlánareglum bankans hverju sinni.

Íslandsbanki



**1 TYRKLAND** Óeirðalögreglumenn snúa aftur á varðstöðvar sínar eftir að hafa ráðist á mótmælendur með táragasi í Ankara í Tyrklandi í gær. Forsætisráðherra landsins hefur gefið því undir fótinn að endurskoða áætlanir um að byggja í almenningsgarði í Istanbúl, en mótmæli vegna hans voru kveikjan að enn frekari mótmælum um landið allt. NORDICPHOTOS/AFP




**2 HONG KONG** Mótmælendur hrópa slagorð til stuðnings Edward Snowden, fyrrverandi njósnara Bandaríkjanna, í kröfugöngu við sendiráð Bandaríkjanna í Hong Kong í gær. Snowden hefur greint frá umfangsmiklum rafrænum persónunjósnum Bandaríkjanna víða um lönd, þar á meðal í Kína. NORDICPHOTOS/AFP



**3 S-KÓREA** Hermenn Suður-Kóreu sýna hæfni sína í bardagalistum við upphaf æfinga gegn hryðjuverkum í gær. Æfingarnar og sýningin eru hluti af undirbúningi undir fjórðu asísku bardagalista- og innanhússíþróttaleikana í Insjeon, vestur af Seúl, á næsta ári. Keppt er í bardagalistum, ballskák, dansi og fleiri innanhússgreinum. NORDICPHOTOS/AFP



**4 BÚRMA** Búddamunkar í Búrma komu saman í klaustri í útjaðri Jangon í gær til að leita leiða til að bera klæði á vopn í skæðum trúardeilum sem staðið hafa í landinu síðan herforingjastjórnin lét af völdum fyrir tveimur árum. Dæmi eru um mannskæðar árásir munka á múslíma, en að þeim hafa árásirnar oftast beinst. Fremst á myndinni er Wirathu, búddamunkur frá Mandalei, sem vakið hefur athygli fyrir hatursfulla orðræðu um múslíma. NORDICPHOTOS/AFP



**5 FRAKKLAND** Örtröð myndaðist á Saint Lazare-lestarstöðinni í París í verkfalli starfsmanna franska lestarfyrirtækisins SNCF í gær. Stéttarfélög andsnúin umbótaaðgerðum franskra stjórnvalda á lestarkerfinu, sem ákveðin voru í maílok, kölluðu eftir verkfallinu. NORDICPHOTOS/AFP




HAMPIÐJAN

# Aðalfundur

**Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, föstudaginn 28. júní 2013 og hefst kl. 16:00.**

**Á dagskrá fundarins verða:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

HAMPIÐJAN




**6 ÁSTRALÍA** Kym Johnson, listdansari og sjónvarpskynnir, stillir sér upp við nýja auglýsingu dýraverndarsamtakanna PETA í Sidney í Ástralíu í gær. Á myndinni er hún sjálf án klæða með kanínu í fanginu. Auglýsingaherferðinni er ætlað að auka vitund neytenda og hvetja þá til að kaupa ekki vörur sem prófaðar hafa verið á dýrum. NORDICPHOTOS/AFP



**7 SLÓVAKÍA** Ívo Jósipóvic, forseti Króatíu, og Ívan Gasparóvic, forseti Slóvakíu, kanna heiðursvörð við upphaf 18. fundar leiðtoga Mið-Evrópuríkja í Bratislava í Slóvakíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

GLEÐILEGA ÞJÓÐMENNINGARHELGI

# Sumarylur & sautjándagleði

**Ylströnd Ingólfs** verður vígð formlega laugardag kl. 15:15 að viðstöddum kór, hljómsveit og fjölmenni.

**Gosbrunnur Ingólfs** gýs roðavatni og rauðberjasaft verður á boðstólum í boði IKEA.

Gangandi umferð á sumargötunum Laugavegi og Skólavörðustíg frá kl. 12 alla daga. Opið fyrir umferð bíla til hádegis.

Jón Gnarr, borgarstjóri, opnar **Vitagarðinn** við Kex Hostel laugardag kl. 14:15.

Hjólreiðakeppnin **KexReiðin** hefst kl. 15, sjá nánar á kexland.is.

Jón Sigurðsson, þjóðarsómi, fagnar 202 ára afmæli sínu í 101, mánudaginn 17. júní.

Hefðbundin þjóðmenningardagskrá á Austurvelli frá kl. 10:15.

**Skrúðganga** frá Hlemmi og Hagatorgi frá kl. 13. **Tónleikar** á Arnarhóli frá kl. 17–20.

**Verum, verslum og njótum þar sem lýðveldishjartað slær.**



MIÐBORGIN OKKAR

Reykjavíkurborg

IKEA

WWW.MIDBORGIN.IS

Brandenburg/Teikng: Sól Hrafnsdóttir

Hvernig lætur ríkisstjórnin dæmið ganga upp?

# Glíman við ríkisfjármálin

Formenn stjórnarflokkanna kynntu í fyrradag stöðuna í ríkisfjármálum, sem er verri en þeir bjuggust við. Bæði vantar upp á tekjuhlið fjárlaganna og útgjöld hafa farið fram úr áætlun, auk þess sem ólíklegt er talið að áform um eignasölu ríkisins gangi eftir. Samanlagt þýðir þetta að fjórtán milljarða gat gæti orðið til í fjárlögunum umfram það sem þegar var áætlað. Afkoma ríkissjóðs á næsta ári gæti orðið 27 milljörðum verri en að var stefnt.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að engu að síður sé stefnt að því að afgreiða fjárlög næsta árs án halla. „Það verður hins vegar að koma í ljós á næstu vikum hversu raunhæft það markmið er,“ sagði hann á blaðamannafundi formannanna.

Stjórnarandstaðan gagnrýnir stjórnina fyrir að hafa nú þegar lagt fram tvö frumvörp sem skerða tekjur ríkissjóðs um nokkra milljarða. Annars vegar á að lækka sérstaka veiðigjaldið og hins vegar að draga til baka hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þarna er þó verið að draga til baka ákvarðanir, sem voru á sínum tíma óverjandi. Það er ekki óeðlilegt að greiddur sé sami virðisaukaskattur af ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi, en fyrirvarinn sem atvinnugreininni var gefinn til aðlögunar var alltof stuttur.

Hvað veiðigjaldið varðar voru lögin um það annars vegar óframkvæmanleg, af því að gögn skortir til að byggja gjaldtökuna á, og hins vegar lagðist gjaldið svo þungt á sumar útgerðir, ekki sízt þær smærri, að það gróf undan tilverugrundvelli þeirra.

Það breytir ekki því að þessar ákvarðanir, og áform um lækkun fleiri skatta, til dæmis virðisaukaskatts á barnaföt og gjalda á eldsneyti, gera verkefni fjármálaráðherrans enn snúnara. Ríkisstjórnin hefur lofað ýmsum nýjum útgjöldum, til dæmis í almannatryggingakerfinu. Ef hún ætlar ekki að hækka neina skatta eða gjöld, verður hagræðingarnefndin sem búið er að stofna að koma fram með býsna afgerandi niðurskurðartillögur, sem gera má ráð fyrir að verði pólitískt erfiðar í framkvæmd.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans í fyrradag kom fram að ákveðin óvissa ríkti um áformin í opinberum fjármálum. Þar var líka ítrekað hversu mikilvægt væri að ná sem fyrst jöfnuði í ríkisfjármálunum, þannig að stefnan í þeim efnum styddi við peningastefnuna.

Það er hverju orði sannara og raunar afskaplega mikilvægt fyrir alla efnahagsþróun í landinu að ríkisstjórnin taki það verkefni sitt alvarlega að binda enda á hallarekstur og skuldasöfnun ríkissjóðs.

Að einu leyti eru áform ríkisstjórnarinnar þó líkleg til að verða áfram í óvissu, raunar lengur en þar til fjárlagafrumvarp lítur dagsins ljós. Enn hefur ekki verið útskýrt eða útfært hvernig eigi að standa að stórfelldri niðurfellingu húsnæðisskulda án þess að það komi á nokkurn hátt niður á ríkissjóði. Raunar má halda því fram að ábyrg og aðhaldssöm ríkisfjármálastefna, sem vinnur gegn vaxtahækkunum, þenslu og verðbólgu, sé betri fyrir heimilin í landinu á heildina litið en skuldalækkunarskýjaborgirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að skattleggja allt í drep

Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, segir engin hagfræðileg rök að baki þeim áformum ríkisstjórnarinnar að lækka veiðigjald. Þvert á móti telur hann skynsamlegra að hækka það á kostnað annarra skatta. Sigurður Ingi Jóhannsson atvinnuvegaráðherra er ósammála hagfræðingnum: „Það er ábyggilega grundvallarmunur á hugmyndafræði þess sem vilja (svo) skattleggja allt í drep og dreifa svo tekjunum út frá ríkinu eða þá þeirri hugmyndafræði að skilja eðlilegan hlut eftir hjá fyrirtækjunum,“ sagði hann við RÚV í gær.



### Kommúnistinn Jón

Skilja má á Sigurði Inga að Jón Steinsson sé argasti kommúnisti og miðstýringarsinni. Það er nýstárleg söguskoðun. Ætli Sigurður Ingi viti ekki að Jón Steinsson var um skeið ráðgjafi Geirs H. Haarde í efnahagsmálum, formanns eina íslenska stjórnmálaflokksins sem er – eða var að minnsta kosti – til hægri við framsókn?

### Ekki mikið af vinstra fólki

Brynjari Níelssyni er einkar lagið að koma við kaunin á fólki og því mun varla linna nú þegar honum gefst færi á að tjá sig reglulega úr ræðustól Alþingis. Í gær sló hann á létta strengi eins og honum er tamt og lét þau orð falla í umræðum um Ríkisútvarpið að auðvitað væri betra ef það væri ekki mikið af vinstra fólki þar í stjórn. Þetta vakti hörð viðbrögð hjá andstæðingum Sjálfstæðisflokksins og ríkisstjórnarflokkanna sem töldu að þarna væri komið enn eitt – og jafnvel besta – dæmið um yfirganginn gagnvart stjórnarandstöðunni. Svo er ekki. Þetta var bara orðhákur að gantast. Líklega er best að spara hneykslunina þangað til Brynjari verður almennilega hált á svellinu. **stigur@frettabladid.is**



## HALLDÓR




# Tossarnir okkar

MENNTAMÁL



**Lóa Pind Aldísardóttir**
dagskrárgerðarmaður á Stöð 2

„Æ, maður verður nú að geta sýnt fram á að maður geti klárað fleira en morgunmatinn sinn,“ sagði við mig náungi sem ég hitti í gær. Nýtur þjóðfélagsþegn í dag, en getur ekki fengið formleg starfsréttindi – af því að hann kláraði ekki grunnskóla. „Ég er einn af þeim,“ sagði hann við mig og brosti kankvís, „tossunum“. Þau hjónin ætla að eyða sumarfríinu við þá rómantísku iðju að læra stærðfræði. Freista þess að ná áfanga í algebru svo hann fái einhvern tímann réttindi í sínu fagi.

Hann er einn af mörgum sem voru „sviknir“ af skólakerfinu. Magnús Þorkelsson, aðstoðarskólameistari við Flensborg, er einn af mörgum góðum viðmælendum mínum í þáttaröðinni Tossarnir á Stöð 2. Í DV í fyrradag segir hann það einkennandi fyrir þættina að fullyrðingum sé slengt fram og ýjar að því að farið sé óvarlega með tölur.

Þessu verð ég að mótmæla. Magnús skrifar: „Dæmi: Strákum gengur verr í skóla en stelpum. Rangt.“ Ótal tölur benda til þess að fleiri strákar en stelpur fúnkeri illa í skóla. Rannsóknir og greining, sem hefur rannsakað hagi ungmenna á Íslandi í um tuttugu ár, var svo elskuleg að vinna úr sínum gögnum fyrir þættina.

Tölfræði frá þeim sýnir m.a.:

- Árið 2012 leiddist nærri tvöfalt fleiri strákum (29%) en stelpum (16%) námið í 9. og 10. bekk. Kynjamunur hefur verið viðvarandi í þessu um árabil.

Auk þess:

- Samkvæmt Hagstofunni (fólk innritað í framhaldsskóla 2003) höfðu 36% strákanna útskrifast eftir fjögur ár en 52% stelpna.
- Kynjamunur hefur verið viðvarandi í PISA-rannsóknum á Íslandi allt frá árinu 2000.

**➜ Öll tölfræði í Tossunum er byggð á traustum gögnum. Hins vegar er skoðunum slengt fram, eðli máls samkvæmt.**

### Enginn hefur samúð með Excel-tölum

Öll tölfræði í Tossunum er byggð á traustum gögnum. Hins vegar er skoðunum slengt fram, eðli máls samkvæmt. Ekki veit ég hvort það er „femínismi“ eða „andfemínismi“ sem er að skaða drengi í skólum. Held það sé ekki hægt að mæla það.

Þá segir Magnús öfluga „en svolítið ruglingslega“. Það hefur enginn samúð með Excel-tölum. Við getum hins vegar skilið og skynjað vandann í gegnum ruglingslegt líf fólks sem flosnaði upp úr skóla – og vonandi gert eitthvað í þessu!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Von um hlýjan ráðherra

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Það gerist því miður reglulega að einhver er rekinn úr landi sem augljóst er að myndi ekki gera samfélaginu neinn skaða heldur heilmikið gagn. Nýlegt mál hóps fólks frá Króatíu kemur upp í hugann. Þá verður tímabundið allt brjálað. Stundum verður fólk brjálað út í Útlendingastofnun og stundum út í innanríkisráðherra. En kærleiksríkari ráðherrar duga útlendingum skammt. Við þurfum betri lög.

Satt að segja finnst mér stundum sem í öllu þessu réttmæta brjálæðiskasti felist samt ákveðin friðþæging. Það er eins og fólk hugsi: „Við erum víðsýn. Samfélagið er víðsýnt. En ráðherrann er algjört skoffín.“ Samt eru lögin oft bara eins og þau eru. Lögin miða að því að hleypa engum inn í landið nema að það sé algjörlega, algjörlega nauðsynlegt.

**Vondi dyravörðurinn**

Við settum upp háa girðingu, keyptum hlið með talnalás og réðum vörð. Við settum verðinum strangar reglur um að hann mætti helst ekki hleypa neinum inn. Af og til löbbum við óvart fram hjá hliðinu og sjáum þá að mikið af því fólki sem vörðurinn vísar frá er með andlit og tilfinningar. Þá líður okkur svolítið illa og við skömmum vörðinn fyrir að vera svona hjartalaus. En við breytum ekki reglunum. Við erum að borga öðrum fyrir að vera hjartalaus fífl. Því kannski viljum við innst inni vera nákvæmlega það. Því kannski, innst inni, erum við öll hrædd um að annars „fyllist hér allt af einhverju liði“.

**Dvalarleyfi fyrir venjulegt fólk**

Segjum að einhver hraust, löghlýðin og hófleg a efnuð kona frá landi utan EES vilji koma til Íslands. Veit einhver hvaða flokkar dvalarleyfis myndu veita henni rétt til að setjast varanlega að á Íslandi? Þeir eru ekki margir. Hún getur annars vegar fengið dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar eða fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða hælis. Það er eiginlega bara þetta tvennt. Það er eins og fólk átti sig ekki á þessu: Við tökum helst bara á móti fólki sem við a) getum ómögulega verið án eða b) vorkennum, því það á svo bágt.

Þegar ég vann í háskóla hafði ég stundum spurnir af skrifstofufólki sem var að redda erlendum háskólakennurum svona sérfræðingadvalarleyfum. Það var oft ævintýri. Menn senda inn umsókn. Þriggja mánaða bið. Svo svarar Útlendingastofnun: „Það vantar fleiri gögn.“ Gögnin send samdægurs. Aftur mánaðarbið. Og svona í marga mánuði. Samt var verið að flytja inn fólk með doktorsgráður. Hvað, viljum við ekki að það fyllist hér allt af einhverjum doktorum?

Hin leiðin er hælis-/mannúðarleiðin. Og það er ekkert að því að hafa þá leið. Við höfum alþjóðlegar skuldbindingar sem við þurfum að uppfylla. En þetta ættu ekki að vera aðalleiðirnar. Mér finnst stundum eins og vinir mínir á vinstri vængnum láti útlendingaumræðuna snúast fyrst og fremst um hælisleit. Ég er ekki að segja að við eigum ekki taka á móti fólki sem er ofsótt en það ætti ekki að vera kjarninn í innflytjendastefnu okkar.

> En kærleiksríkari ráðherrar duga útlendingum skammt. Við þurfum betri lög.

Það er til fólk sem býr ekki endilega við þjóðernisofsóknir heima fyrir en er samt að leita að betra lífi. Fólk sem hefur efni á flugmiða. Fólk sem getur alveg framfleytt sér í nokkra mánuði meðan það leitar að vinnu. Það vantar dvalarleyfi fyrir þannig fólk: Dvalarleyfi af efnahagsástæðum. Dvalarleyfi fyrir fólkið í miðjunni.

**Það þarf nýja stefnu**

Við rekum „lok-lok-og-læs“ útlendingapólitík gagnvart öllu fólki utan EES-svæðisins. Þeirri pólitík þarf að breyta. Vinstrimenn tóku engin skref í átt til þess að opna Ísland fyrir venjulegu fólki í leit að betra lífi. Því miður. Seinustu tillögur Ögmundar Jónassonar miðuðu að því að skipa óháða nefnd til að úrskurða um deilumál tengd brottvísunum útlendinga o.fl. Slíkt hefði engu breytt. Slík nefnd myndi dæma eftir sömu lögunum. Hún myndi auðvitað ekki búa til nýja innflytjendapólitík.

Til að búa til nýja innflytjendapólitík þarf fyrst og fremst að breyta lögum. Það er það sem þarf að gera. Það dugar ekki að bíða og vona að dag einn muni engill birtast í innanríkisráðuneytinu. Og hleypa öllum í landið, í kærleik sínum.

# Karllæg gildi og „mjúk“ mál

JAFNRÉTTI
Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra



> Ég tel augljóst að hér búi að baki gamaldags og úrelt karllæg viðhorf um hin meintu hörðu fjármál og mjúku velferðarmál.

Mat okkar á mikilvægi verkefna endurspeglast meðal annars í launakjörum. Nýlega benti ég á mismun á launum formanna í stjórnum á vegum ríkisins og tók dæmi um laun fyrir stjórnarsetu í Fjármálaeftirlitinu (FME) og Tryggingastofnun ríkisins (TR). Ég benti á að allt að tífaldur munur væri á launum þeirra. Ég fór reyndar rangt með upplýsingar um laun stjórnarformanns FME, sem leiðrétti mál mitt í grein í Fréttablaðinu og hafi hann þökk fyrir það. Hann sagði ástæðu hárrar greiðslu þegar hann tók við formennskunni í júní 2011 hafa legið í mikilli vinnu vegna endurreisnar fjármálakerfisins og FME. Hann hefði sjálfur óskað eftir launalækkun haustið 2012 úr 600.000 í 400.000 kr. Þar sem starfinu miðaði vel og líklegt var að álag myndi minnka.

Þótt leiðréttingunni sé til skila haldið breytir niðurstaðan ekki því að hróplegur munur er enn á launum fyrir stjórnarformennsku hjá FME og TR, þar sem formaðurinn fær ríflega 60 þús. kr. á mánuði. Ég ætla ekki að dæma um hvað er hæfileg greiðsla fyrir formennsku í þessum stjórnum. Fyrst og fremst bendi ég á að sá margfaldi munur sem þarna er á greiðslum vekur furðu og getur ekki byggst á skynsamlegu eða raunhæfu mati á ábyrgð, umfangi verkefna eða mikilvægi þeirra.

Ég tel augljóst að hér búi að baki gamaldags og úrelt karllæg viðhorf um hin meintu hörðu fjármál og mjúku velferðarmál.

**Þessu verður að breyta**

Stjórnarformaður FME tekur undir með mér um að löngu sé tímabært að við áttum okkur á að velferðarmál eru ekki mjúkur málaflokkur og skrifar: „Stundum kann að eiga við að lækka laun, eins og ég hef gert í tilfelli stjórnarformanns FME, og víða þarf að hækka laun í störfum við velferðarmál.“ Þessu er ég algjörlega sammála og ég geri ráð fyrir að margir deili með okkur þessari skoðun.

Fyrir nokkru var lokið við gerð jafnlaunastaðals sem unnið hefur verið að á liðnum árum. Aðgerðahópur á vegum stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins vinnur að innleiðingu staðalsins, sem ég vona að reynist gott tæki til að eyða kynbundnum launamun, breyta viðhorfum og leggja skynsamlegan grunn fyrir réttmætar launaákvarðanir.




# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í BÓNUS

Úrbeinað hangikjöt
KOFAREYKT




HANGILÆRI
**2598 KR.KG.**
HANGIFRAMPARTUR
**1798 KR.KG.**




AÐEINS MIÐLÆRIS-SNEIÐAR
**2298** KR. kg
**GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR**
*ÚR MIÐLÆRI*




**2198** KR. kg
ÍSLANDSLAMB
**GRILL LAMBAKÓTILETTUR**




**1198** KR. KG
BÓNUS GRILL **GRÍSAKÓTILETTUR**




**1198** KR. KG
BÓNUS GRILL ÚRB. **GRÍSAHNAKKI**




**1398** KR. KG
KJARNAFÆÐIS
**ÍSLENSKT HEIÐALAMB**
MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-AÐALBLÁBERJALYNG-EINIR

## FJÓRIR FERSKIR
## UNGNAUTAHAMBORGARAR
100% ÍSLENSKIR MEÐ BRAUÐI




4 stk 80gr **798 KR.**
4 stk 120gr **998 KR.**

FRÁ HOLLANDI
**Frosnar grísalundir**



**1498** KR. kg

ÍSLANDSNAUT
**Ferskt 100% Íslenskt ungnautahakk**




**1498** KR. kg

AFGREIÐSLUTÍMI
17. JÚNÍ MÁNUDAGUR
**11:00-18:00**

Athugið !
**LOKAÐ Í BÓNUS KRINGLUNNI 17 JÚNÍ**

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR
259 KR. kg
SPÁNSKAR VATNS-MELÓNUR RAUÐAR
198 KR. kg
ÍSLENSKI FÁNINN FYRIR BÖRNIN
95 KR. STK
109 KR. 5 stk.
BÓNUS FLATKÖKUR 5 stk
259 KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR
FJÓRAR KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI
ÍSLENSK VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Ferskt íslenskt salat
Lambhagi
398 KR. 150gr
BÓNUS FERSKT
LAMBHAGASALAT 150gr
439 KR. 170 gr
BÓNUS HANGIÁLEGG 170gr
198 KR. stk
STÓR SÆLGÆTISSNUÐ
95 KR. ds
KANDÝFLOSS 20 GR DÓS
Íssósa
Íssósa
Íssósa
198 KR. 300ml
EMMESS ÍSSÓSUR 300ml
Rjómaís með karamellukurli
Rjómaís með súkkulaði
Rjómaís með vanillu
598 KR. 1.5 ltr
EMMESS RJÓMAÍS 1.5 ltr.
Coca-Cola
PRINCE POLO XXL
129KR.
89 KR.
KÓK&PRINS
KÓK Í GLERI 250ML OG STÓRT XXL PRINCE POLO
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
mix
Mountain Dew
79 KR. 33cl
79 KR. 33cl
Coca-Cola
198 KR. 1 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Gott kvöld, Reykvíkingar

SKIPULAG



Birgir Þórarinsson
tónlistarmaður

„Hvernig stendur á því að svona margar frábærar hljómsveitir koma frá Íslandi?“

Þetta er oft fyrsta spurningin sem við í Gusgus fáum frá erlendu fjölmiðlafólki. Ég veit í raun ekki svarið, kenni oftast pönkinu um upptökin, svona til að segja eitthvað. En rétt er að m.v. mannfjölda er popptónlistargrasrótin á Íslandi einstök og erlendir sigrar hennar ótrúlegir. Er svo komið að þessi mikla tónlistargróska er eitt af þremur einkennum sem Ísland er hvað þekktast fyrir. Hin eru náttúrufegurð og bankahrun.

Ferðaþjónusta á Íslandi skapar um 10.000 störf og gjaldeyristekjur nálægt 100 milljörðum. Um 40% ferðamanna sem heimsækja landið nefna að menning hafi skipt miklu máli við ákvörðun ferðarinnar. Ég ætla að leyfa mér að eigna íslenskri tónlistarútrás veglegan hluta þessarar áhugaverðu menningar. Allavega tala þeir tónleikagestir sem ég hitti erlendis um lítið annað en hversu spennandi Ísland sé og hvað þá langi til að koma í heimsókn.

### Orðlaus

Þegar ég steig inn á Nasa í fyrsta skipti, fljótlega eftir að staðurinn opnaði, varð ég orðlaus. Hér var loksins kominn staður sem jafnaðist á við flottustu tónleikastaði af svipaðri stærðargráðu erlendis. Fram að því höfðu eingöngu litlar holur með pínulítil svið og enga lofthæð eða skemmur á iðnaðarsvæðum verið í boði til tónleikahalds.

Nasa er fullkominn staður fyrir þær mörgu íslensku hljómsveitir sem fá 300 til 700 gesti á sína tónleika.

### Veigamikið hlutverk

Staðsetningin í miðbænum er algjörlega nauðsynleg miðað við skemmtanamenningu Reykvíkinga. Hátt er til lofts, sem er skilyrði þess að hægt sé að koma upp þeim ljósabúnaði sem þarf eigi útkoman að vera alvöru. Sviðið er nógu stórt til að flestar hljómsveitir komist þægilega fyrir og sviðsframkoma listamanna getur notið sín. Innra skipulag staðarins er líka einstaklega hentugt og vistlegt. Að lokum er rekstrarleg yfirbygging í lágmarki þannig að hægt er að ákvarða miðaverð að fjárhag tónleikagesta en samt geta hljómsveitir vænst þess að fá laun fyrir sína vinnu sem ekki var algengt fyrir tíð Nasa. Í stuttu máli. Nasa er einstakur tónleikastaður. Aðrir sambærilegir tónleikastaðir eru engir hér í borg.

Með tilkomu Nasa var settur nýr staðall í tónleikahaldi í Reykjavík. Hver hljómsveitin á fætur annarri hefur sett upp magnaðar sýningar með ágætis afkomu en áður var það að fara á tónleika líkara því að mæta í heimsókn niður í æfingahúsnæði. Óneitanlega spilaði Nasa veigamikið hlutverk í þeim mikla uppgangi íslensks tónlistarlífs sem mætti kalla íslenska tónlistarvorið á síðasta áratug. Mínus, Dikta, Singapore Sling, Apparat, Gusgus, Trabant, FM Belfast, Seabear, Sin Fang, Kimono, Retro Stefson, Amiina, Sign, Skálmöld, Hjaltalín og Hjálmar eru allt dæmi um hljómsveitir sem nærðust í þessu umhverfi og hafa borið hróður Íslands langt út fyrir landsteina.

Það er mikilvægt að taka fram, í ljósi yfirlýsinga um annað, að rekstur staðarins gekk vel á þessum tíma. En svo kom hrunið. Tímabundinn samdráttur í tónleikahaldi og fjárhag tónleikagesta, ásamt því að húsaleiga staðarins var hækkuð upp úr öllu valdi (líklega vegna þess að eigandinn vildi starfsemina út), gerði rekstrurinn óarðbæran um tíma. Reykjavíkurborg neitaði allri aðstoð, „við höfum Hörpuna“ var sagt og því fór sem fór. Nasa hefur verið lokað og grasrótin send aftur í rottuholurnar.

### Sársaukafullt fyrir grasrótina

Það gerðist akkúrat það með Hörpuna sem ég var hræddur um. Að hún myndi gleypa svo mikið fé frá ríki og borg að þar með þætti fjárstuðningur við tó nlistarlíf nægur. Harpan hentar vel fyrir klassíska tónlist, auk þess sem rólegir, sitjandi tónlistarviðburðir sem þola hátt miðaverð bera sig þar ágætlega. Stórar tónlistarhátíðir geta líka gengið upp og hún er kjörin undir heiðurstónleika fyrir virta tónlistarmenn sem eru að syngja sitt síðasta. En fyrir ströglandi grasrótina hentar hún engan veginn.

Fjárhagslega gengur einfaldlega ekki upp að fara þangað inn, auk þess sem andinn og innri umgjörð í húsinu á meira skylt við flugstöð en notalegan tónleikastað. Það er látið eins og Harpan sé stórkostleg gjöf til tónlistarmanna en í raun er tónlistarsenunni nú ætlað að aðlaga sig að þörfum Hörpunnar og spila þar launalaust svo hægt sé að borga fyrir þá gífurlegu rekstrarlegu yfirbyggingu sem fylgir staðnum. Það er afskaplega sársaukafullt fyrir grasrótina að sjá hvern milljarðinn á fætur öðrum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna renna í þetta risavaxna hús og að það sé í ofanálag notað sem réttlæting fyrir því að eina alvöru tónleikastaðnum okkar sé neitað um líf.

**➜ Gróskufullt tónlistarlíf og heimili þess, Nasa, er eitt af þessum ómetanlegu verðmætum sem skipulagsyfirvöld eiga að standa vörð um. Ég vona að borgaryfirvöld snúi af ógæfuför sinni og finni leið til að bjarga þessu heimili…**

Alltof oft líður mér eins og skipulagsyfirvöld haldi að þeirra helsta hlutverk sé að greiða götu fjármagnsafla með spennandi viðskiptahugmyndir. En það er ekki síður þeirra hlutverk að standa vörð um gróskumikið mannlíf og lifandi borg. Það eru verðmæti sem nýtast öllum en ekki bara fáum. Gróskufullt tónlistarlíf og heimili þess, Nasa, er eitt af þessum ómetanlegu verðmætum sem skipulagsyfirvöld eiga að standa vörð um. Ég vona að borgaryfirvöld snúi af ógæfuför sinni og finni leið til að bjarga þessu heimili svo íslenska tónlistarundrið megi áfram eiga sitt líf.

## AF NETINU

### Sigríður í Brattholti



Í landi þar sem þegar er búið að reisa um þrjátíu stórar virkjanir og á teikniborðinu eru um 100 virkjanakostir getur stundum verið erfitt fyrir marga að átta sig á því hvernig rétt sé að bregðast við hverri og einni.

Þá getur verið gott að hugsa til Sigríðar í Brattholti og íhuga hvernig hún myndi bregðast við í hverju og einu tilfelli, væri hún uppi á okkar tíma, tæpum 100 árum síðar en hún var.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*

### Óðagotið súrnaði



Fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar er skólabókardæmi um óðagotsmann í verkfræði. Guðmundur Þóroddsson segir að á hans tíma hafi valið staðið milli varkárni og gróða. Stefnt hafi verið að hinu síðara með því að virkja hratt og stórt á Hellisheiði. Við höfum séð gróðann, brennisteinseitrun, jarðskjálfta af mannavöldum, hitaþurrð og spaghetti af heitavatnsrörum milli Kolviðarhóls og Hverahlíða. Vísindamenn sögðu á tíma Guðmundar og segja enn að betra sé að fara með gát og læra af biturri reynslu. Gamli forstjórinn mátti ekki vera að slíku. Hans tegund af jarðvarmaverkfræði er næsti bær við skáldskapinn.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*




Sérstök brúðkaupsgjöf

KitchenAid

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir!
Gildir um KitchenAid hrærivélar.





Brúðarleikur

Þau brúðhjón sem koma við í verslun okkar og skrá sig á brúðargjafalista fá nöfnin sín sjáfkrafa skráð í pott. Í lok sumars verða heppin brúðhjón dregin út og hljóta þau að launum nýju KitchenAid matvinnsluvélina, nýju KitchenAid brauðristina, nýja KitchenAid blandarann og nýja KitchenAid töfrasprotann, samtals að verðmæti um 200 þúsund krónur.



Nýjar KitchenAid vörur

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




Bíll á mynd: Honda Civic 1.6i-DTEC Executive.

# HONDA CIVIC 1.6 DÍSIL




**3,6** L/100KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI
$CO_2$ ÚTBLÁSTUR AÐEINS **94g**

## CIVIC 1.6i-DTEC FRÁ KR. 3.840.000

EARTH DREAMS
TECHNOLOGY

Earth Dreams Technology er ný lína af umhverfisvænum og eyðslugrönnum dísilvélum frá Honda. Sú fyrsta 120 hestafla 1.6i-DTEC sem er með 300Nm í tog er nú kominn í Honda Civic og býður upp á einstakt samspil sparneytni og krafts. Komdu og upplifðu einstaklega sprækan og sparneytinn Honda Civic.

**Umboðsaðilar:**
Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



KANDÍS Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Snorraverkefnisins, ásamt nokkrum þátttakendum verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gott tækifæri til að rækta tengslin

**Þjóðræknisfélag Íslands stendur fyrir KandÍs 2013, hittingi ungra Íslendinga og ungmenna af íslenskum ættum sem búa í Vesturheimi, á Sólon á sunnudaginn.**

„Þessi viðburður er öllum opinn og allir hvattir til að mæta, bæði þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í verkefnum okkar og eins þeir sem vilja hitta og kynnast ungmennum frá Bandaríkjunum og Kanada," segir Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri Snorraverkefnisins og framkvæmdastjóri Þjóðræknisfélags Íslendinga, sem stendur fyrir KandÍs 2013, hittingi ungra Íslendinga og ungmenna af íslenskum ættum sem búa í Vesturheimi. Hittingurinn fer fram á Sólon í Bankastræti sunnudaginn 16. júní klukkan 17.

Tilgangur viðburðarins er að glæða áhuga ungmenna á starfsemi Þjóðræknisfélags Íslendinga og tengingu við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Meðal viðstaddra verða þeir fjórtán Snorra-þátttakendur sem eru á landinu, en hópurinn hóf sex vikna dvöl sína hér á landi laugardaginn 8. júní. Þessa dagana er hópurinn að læra íslensku, dvelur hjá ættingjum í þrjár vikur og tekur þátt í starfsþjálfun. Í lokin fer hópurinn í vikulanga landkynningarferð. Verkefnið hóf göngu sína árið 1999 og með þessum hópi hafa alls 212 tekið þátt í því. Einnig verða viðstaddir fyrr- og núverandi þátttakendur í verkefninu Snorri West, en ungum Íslendingum hefur gefist tækifæri til að ferðast til Kanada í svipuðum verkefnum frá árinu 2001.

„Við verðum svolítið vör við það að ungu fólki þyki svona starf, eins og við erum að vinna, dálítið gamaldags en við viljum sýna fram á að svo er ekki. Flestir eiga ættingja í Vesturheimi, sem þeir vita jafnvel ekki af, og það er mikið og lifandi starf í gangi hjá okkur. Ég fór sjálf út þegar ég var 21 árs og það breytti algjörlega minni sýn á lífið. Ég áttaði mig á því að þetta er alls ekkert hallærislegt heldur alveg frábært og ómetanlegt að rækta þessi tengsl," segir Ásta Sól.

Hljómsveitin Nóra kemur fram á hittingunum á Sólon en tveir meðlimir hennar, systkinin Egill og Auður Viðarsbörn, bjuggu í Kanada þegar þau voru lítil og fæddist Bjarki litli bróðir þeirra þar. Bjarki verður einmitt gítarstaðgengill á KandÍs 2013.

kjartan@frettabladid.is

---

†



Elskulegur bróðir okkar,

**MARSVEINN LÚÐVÍKSSON**

lést á sjúkrahúsi í Búlgaríu 12. júní 2013.

**F.h. aðstandenda,**
**Sólveig Magnúsdóttir**
**Birna Lúðvíksdóttir**
**Erna Lúðvíksdóttir**
**Erla Lúðvíksdóttir**

---

†



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**SVEINFRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að**
**Þórunnarstræti 110, Akureyri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 9. júní. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 18. júní klukkan 13.30.

**Erna G. Árnadóttir** — **Geir Jóhannsson**
**Kristrún Árnadóttir** — **Lúðvík Lúðvíksson**
**Ólafur Árnason** — **Unnur Hermannsdóttir**
**Gunnar Árnason** — **Anna Lilja Hauksdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HILMAR FRIÐRIKSSON**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

er látinn. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 17. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir vill fjölskylda Hilmars færa starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir umönnun og hlýhug. Þið eruð einstök.

**Sigrún Alda Hoffritz**
**Friðjóna Hilmarsdóttir**
**Guðjón Borgar Hilmarsson** — **Kristín Lárusdóttir**
**Smári Hilmarsson** — **Jóhanna Marteinsdóttir**
**Sigrún Alda og Jens, Hilmar og Lára, Lárus, Þórunn og Gunnar, Marteinn og Dagrún, Thelma og Garðar, María Linda, Reynir Ingi og Móeiður María.**

---

†



Ástkær maður minn, faðir okkar,
stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRHALLUR DAN JOHANSEN**

er látinn. Hann verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Anna Lilja Gunnarsdóttir**
**Bertha Ingibjörg Johansen** — **Elliði Vignisson**
**Gyða Dan Johansen** — **Ari Edwald**
**Hallur Dan Johansen** — **Oddný Jóna Bárðardóttir**
**Agnar Gunnar Agnarsson** — **Atsuko Sato**
**og barnabörn.**

---

†



Elsku yndislegi eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ALBERT JENSEN**
**Sléttuvegi 3, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum, Fossvogi, föstudaginn 7. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 19. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Mænuskaðastofnunar rknr. 311-26-81030 kt. 411007-1030.

**Þóra Filippía Árnadóttir**
**Magnús Albertsson** — **Guðný Guðmundsdóttir**
**Guðfinna Albertsdóttir**
**Kristín Albertsdóttir**
**Sigríður Albertsdóttir**
**Jörgen Árni Albertsson** — **Karen Theodórsdóttir**
**Ögmundur Guðjón Albertsson** — **Lilja Rós Agnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ANTON GUÐLAUGSSON**
**Dalvík,**

lést á dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík laugardaginn 8. júní. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 15. júní klukkan 13.30.

**Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Guðbjörg Antonsdóttir**
**Elín Antonsdóttir** — **Skafti Hannesson**
**Anna Dóra Antonsdóttir** — **Sveinn Sveinsson**
**Arna Antonsdóttir**
**Þórólfur Antonsson** — **Hrönn Vilhelmsdóttir**
**Árdís Antonsdóttir**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir,
afi, sonur og tengdasonur,

**ÁRNI INGIMUNDARSON**
**Hátúni 10, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 7. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 18. júní klukkan 13.00.

**Kristbjörg Magnúsdóttir**
**Ragna Kristín Árnadóttir** — **Jóhann Viðir Númason**
**Agnes Rut Árnadóttir**
**Pétur Loftur Árnason**
**Eygló Rún Árnadóttir**
**barnabörn**
**Ragna Kristín Árnadóttir**
**Magnús Jónsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.


Graníthöllin Legsteinar

ÁVÍSUN

35.000.-



35.000.- krónur

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innáborgun á legstein.

Ávísunin gildir sem hlutagreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutagreiðsla við kaup á einum legsteini.

Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · granithollin.is

# FÓLK



KYNNINGARBLAÐ

**BLÓMIN Í VIÐEY**

**Dagur villtra blóma verður á sunnudaginn, 16. júní. Plöntuskoðunarferð verður á vegum Grasagarðsins í Viðey þar sem tegundir verða greindar og fjallað um gróður á svæðinu. Ferðin hefst frá gömlu höfninni kl. 12 en Skarfabakka kl. 12.15. Um leiðsögn sér Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins.**









# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að hvítlauks- og svartpiparkrydduðu kjúklingabringuskipi með kaldri kryddjurtasósu og grilluðu meðlæti. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## KJÚKLINGABRINGUSKIP MEÐ KALDRI KRYDDJURTASÓSU OG GRILLUÐU MEÐLÆTI

**FYRIR 4**

**2-3 bringuskip, hvítlauks- og svartpiparkrydduð frá Holta**
**Olía**

Grillið bringuskipin á milliheitu grilli í 20-25 mínútur eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C og kjötsafinn er orðinn glær. Snúið bringuskipunum reglulega og penslið með olíu. Berið bringuskipin fram með kryddjurtasósunni, grilluðu grænmeti og kartöflum.

**KRYDDJURTASÓSA**

**1 dl Ab-mjólk**
**1 dl sýrður rjómi**
**1 dl majones**
**1-1 ½ msk. sítrónu- eða limesafi**
**1 msk. hlynsíróp (maple)**
**1 dl blönduð fersk krydd t.d. basilíka, minta, timjan og kóríander**
**Salt og nýmalaður pipar**

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.









# UGLA SAT Á KVISTI

*Vinkonurnar Jóhanna Klara Stefánsdóttir og Sigríður Erla Viðarsdóttir standa fyrir lífsstílsblogginu Ugla sat á kvisti, www.uglasatakvisti.com.*

Vinkonurnar Jóhanna Klara Stefánsdóttir og Sigríður Erla Viðarsdóttir kynntust í afmælisveislu í grunnskóla og hafa verið óaðskiljanlegar síðan. Þær búa nú hvor í sínu landinu og blogga til skiptis. Þrátt fyrir að langt sé á milli þeirra tala þær saman reglulega, stundum oft á dag. „Umræðuefnin snúast iðulega um ýmislegt tengt hönnun, matargerð og börnunum okkar. Við fengum þá hugmynd að byrja að blogga um áhugamálin okkar,“ segir Jóhanna.

Þær stöllur segjast sækja innblástur í bækur, tímarit, blogg og fólkið í kringum sig. Stór hluti bloggsins snýr að matargerð. „Við reynum að elda hollan mat og velja lífrænt, en erum þó ekki öfgafullar og því læðast inn á milli bombur eins og til dæmis pavlovan sem við ætlum að deila með ykkur,“ segir Sigríður. „Við erum báðar vogir svo það verður að vera smá óhollusta til að vega á móti hollustunni. Við erum alltaf að leita að jafnvægi,“ segir Jóhanna og hlær.

Jóhanna Klara er lögfræðingur en um þessar mundir í fæðingarorlofi með átta mánaða gamlan son sinn. Sigríður Erla er viðskiptafræðingur, búsett í Danmörku, en er um þessar mundir í sumarfríi á Íslandi. Hún skrifar einnig fyrir Nordic Style Magazine.

■ halla@365.is



**BLOGGA UM ÁHUGAMÁLIN** Jóhanna Klara og Sigríður Erla skrifa um matargerð, hönnun og daglegt líf. Glöggir lesendur sjá glitta í Stefán Kára, son Jóhönnu, gáttaðan í dyragættinni.

## PAVLOVA

**8 eggjahvítur**
**500 g sykur, malaður í matvinnsluvél**
**1/2 tsk. vínsteinslyftiduft**
**1 tsk. vanilludropar**
**2 tsk. hvítt edik**

**1/2 lítri rjómi (þeyttur)**
**2 stór box af jarðarberjum**
**6–8 ástaraldin**

Stillið ofninn á 220°C. Þeytið eggjahvítur, vínsteinslyftiduft og vanilludropa saman í skál þar til það er orðið hvítt og stíft. Bætið þá sykrinum saman við, einni matskeið í einu, og þeytið áfram þar til sykurinn hefur blandast vel og innihald skálarinnar er þykkt og gljáandi. Hrærið edikinu varlega saman við. Setjið þá marengsinn yfir á ofnplötu með bökunarpappír. Þegar kakan er sett í ofninn skal lækka hitann niður í 150°C. Bakið í eina klukkustund og 20 mínútur. Kakan þarf að kólna alveg áður en rjóminn er settur á svo gott er að láta hana standa yfir nótt.



**ÁSTARALDIN Á PAVLOVU** Vinkonurnar segja óhollustu bráðnauðsynlega í bland við hollustuna til að viðhalda jafnvægi í lífinu.

Áður en kakan er borin fram er þeyttur rjómi settur á, ásamt jarðarberjum og ástaraldinum. Það er auðvitað hægt að nota hvaða ávexti sem er.



**LÚXUSVEFJUR** Vefjurnar eru smurðar með alls kyns áleggi. Hér nota þær stöllur geitasmurost, sýrðan rjóma, valhnetur, hunang, klettasalat og hráskinku í annan helminginn og í hinn setja þær rautt pestó, kjúklingaskinku, fetaost og spínat.

MYNDIR/GVA




# MATARHÁTÍÐ FYRIR MATGÆÐINGA

*Norðmenn eru duglegir að kynna matvælaframleiðslu sína en í sumar verða ellefu matarhátíðir þar um allt land. Sveitamarkaðir eru fremur á Íslandi.*

Mikill fjöldi Íslendinga býr í Noregi og getur nýtt sér þessar skemmtilegu hátíðir en einnig mataráhugamenn sem ætla að ferðast þar í sumar.

Hér á landi eru sveitamarkaðir í gangi fremur en matarhátíðir en þeim hefur fjölgað mikið undanfarin ár víða um landið. Nýlega var Ljómalind í Borgarnesi opnuð, sem er matar- og handverksmarkaður. Þekktur markaður er í Mosfellsbæ sem er opinn frá því um miðjan júlí og í Kjósinni 19. júlí. Þá er bændamarkaður Frú Laugu í Reykjavík sem notið hefur vinsælda. Hægt er að skoða heimasíðu Beint frá býli á Facebook eða beintfrabyli.is til að fræðast betur um sveitamarkaði. Erfitt reyndist að finna lista yfir alla markaði sumarsins á netinu.

Götumatarhátíðir verða í Ósló, Bergen og Þrándheimi í allt sumar. Laxahátíð í Surnadal verður 20.-23. júní og saltfiskhátíð í Brevik 13. júlí.



Stærsta matarhátíðin er í Stavanger 24.-27. júlí en þá koma bændur og aðrir matarframleiðendur af öllu landinu og kynna vörur sínar; osta, kjöt og grænmeti. Skeldýrahátíð verður í Mandal 8. ágúst. Matarhátíðin í Bergen verður í byrjun september og stór bændamarkaður í Ósló 13. september. Íslendingar eru byrjendur á þessu sviði en vonandi eiga matarhátíðir eftir að ryðja sér til rúms hér á landi.

**EYRARBAKKI** Sveitamarkaður er á Gónhól á Eyrarbakka og víðar um allt land í sumar. Erfitt er þó að finna samantekt á þessum mörkuðum á einum stað.




F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
14. JÚNÍ 2013

**Flugliðar hjá flugfélaginu WOW**
ÆTLA AÐ HJÓLA HRINGINN Á 72 TÍMUM 2

**Tíska og nauðsynjar í sumar**
STÍGVÉL OG REGNKÁPA NAUÐSYNLEG 4

**Helgi Ómarsson ljósmyndari**
ASNALEGA OPINN OG ÓFEIMINN 10



# Heppin að vera á lífi

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Grímuverðlaunin voru afhent á miðvikudaginn í Þjóðleikhúsinu og margt var um manninn. **Saga Garðarsdóttir** skemmti gestum í hléi. Margir gerðu sér leið á Grímuna en enn fleiri í partíið sem



haldið var í Þjóðleikhúskjallaranum eftir verðlaunaafhendinguna. Þar voru meðal annars Halldóra Geirharðsdóttir leikkona og **Tyrfingur Tyrfingsson** leikskáld. Í Þjóðleikhúskjallar-



anum voru einnig **Brynhildur Guðjónsdóttir**, Snorri Engilbertsson og kærasta hans, Harpa Einarsdóttir listakona, ásamt fjölda annarra.





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Kolbrún Pálína Helgadóttir**
kolbrunp@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Stefán Karlsson

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**





Góður liðsandi einkennir þennan glæsilega hóp. Var hópnum að berast góður styrkur frá Flugfélagi Íslands og er hann afar þakklátur fyrir. Hópurinn vinnur nú hörðum höndum að því að safna.

# FÓLK BRANDARINN VATT HRATT UPP Á SIG

***Glæsilegur hópur flugliða WOW stefnir á að hjóla hringinn í kringum landið í WOW Cyclothon í lok mánaðarins. Flugliðarnir segja málefnið skipta mestu máli.***

Purple Panthers er lið flugliða sem tekur þátt í WOW Cyclothon til styrktar Barnaheillum þann 19.-22. júní næstkomandi. „Við munum hjóla hringinn í kringum landið ásamt fjölda annarra frábærra liða á innan við 72 klukkutímum,“ segir Andrea Sóleyjar- og Björgvinsdóttir, flugfreyja hjá WOW og fyrirliði Purple Panthers-hópsins.

Hópurinn samanstendur af tíu kraftmiklum hjólreiðamönnum, til að mynda Ingu Þóru Ingadóttur, sem hefur meðal annars tekið þátt í Evrópumótinu í Crossfit. „Að auki erum við svo áhugasöm og jákvæð og skemmtileg að aðrir fimmtán flugverjar munu fylgja hópnum og skiptast á að taka vaktir við að hrósa, hvetja, peppa, nudda, gefa vatn og mat, laga hjólin, gefa andlegan stuðning, segja brandara, taka myndir og allt það sem þarf til að standa við bakið á hjólurunum rosalegu.“

Andrea segir hugmyndina hafa komið upp hjá sér í hálfgerðu gríni, en þar sem þessi flugliðahópur sé einn sá magnaðasti og jákvæðasti starfsmannahópur í heimi hafi brandarinn undið hratt upp á sig. „Núna er staðan orðin þannig að fólk er farið að rífast um það hver á að hjóla og sumir hafa meira að segja gerst svo djarfir og sagst ætla að hjóla allan tímann.“

Spurð út í undirbúninginn segir hún hann helst hafa snúist um söfnun á styrkjum til að getað tekið þátt. „Núna er hins vegar að myndast gríðarlegur keppnisandi og fólk farið að mæta af fullum krafti í spinningtíma, tímatökur og peppfundi sem standa yfir tvisvar í viku fram að keppninni.

Markmið okkar númer eitt er að safna formúu til styrktar Barnaheillum. Það er gert með því að heita á okkur, Purple Panthers, inni á heimasíðu WOW Cyclothon www.wowcyclothon.is. Margt smátt gerir eitt stórt og málefnið er auðvitað gríðarlega mikilvægt. Að öðru leyti erum við að taka þátt til að hafa virkilega gaman af þessu. Metnaður okkar er gríðarlegur, við ætlum að vera stundvís, fersk, skemmtileg og hjóla með breitt brosið allan hringinn. Það verður virkilega gaman að fylgjast með okkur, það er okkar loforð,“ segir fyrirliðinn hress að lokum.

INGROW GO

20% afsláttur
31. maí - 7. júlí

- Fjarlægir inngróin hár sem myndast við rakstur eða vaxmeðferð
- Virkar á innan við sólahring
- Má nota á bikiní línu, undir hendur og á fætur
- Fjarlægir rakstursbólur




SKIN DOCTORS
ÞRÓAÐ AF LÝTALÆKNUM

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*





Fyrirliðinn á góðu WOW-augnabliki.



Hópurinn æfir stíft um þessar mundir.



Inga Þóra er í góðu formi.


NINGS
SUMARTILBOÐ
Djúpsteiktar rækjur
Eggjanúðlur
Svínakjöt „appelsínu"
Kjúklingur „Kung Pao"
1995 á mann
verð fyrir tvo 3990
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa
ásamt 2l Coke fylgir með
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00
Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði
www.nings.is | Sími: 5889899

**HEIMSÓKNIN** TEIKNAÐI HÚSIÐ SJÁLFUR

# OF FÁ BAÐHERBERGI FYRIR FJÓRAR DÆTUR



Húsið er eitt það glæsilegasta í Kópavoginum en eigandinn, sem teiknaði það sjálfur, segir þó að baðherbergin mættu vera fleiri þar sem dæturnar, sem eru fjórar, eru farnar að vilja meira spegluppláss. Í næsta þætti af Heimsókn bankar Sindri upp á hjá Björgvini Snæbjörnssyni arkitekt og fjölskyldu en Heimsókn er í opinni dagskrá, alla laugardaga, strax að loknum fréttum.



Björgvin ásamt öllum glæsilegu konunum í lífi hans.



Græni liturinn gerir mikið fyrir heildarrýmið.





Einstaklega flott og skemmtileg lausn á baðinu.



Vel skipulögð skrifstofa.



Glæsilegt píanó stendur á stofugólfinu.



Flott list prýðir veggina.

**Steypugljái á stéttina í sumar**



1 gallon og 5 gallon

Butterfield Clear Guard „Sealer" frá Marshalltown.

Steypugljáinn sem endist!

Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# LÝSINGIN MIKILVÆG

***Fylgihlutir og lýsing eru lykill þess að fullkomna útlitið á baðherberginu.***

LED-lýsing hefur verið að ryðja sér til rúms upp á síðkastið á heimilum, en vinsælt hefur verið að nota hana sem lýsingu undir skápum. Þannig fæst ákveðin stemning með lýsingunni en sömuleiðis er hægt að nota LED-lampa í almenna lýsingu sem hægt er að nota með dimmara. Fjölbreyttir notkunarmöguleikar fylgja þessum lömpum og þeir endast einnig margfalt lengur.

Inni á gestabaðherbergjunum er ekki þörf á miklu skápaplássi og er því tilvalið að setja spegil sem nær frá gólfi upp í loft ef pláss leyfir. Við þetta virðist herbergið vera öllu stærra en það er í raun. Mikilvægt er þó að vanda allan frágang á lögnum ef spegill er settur undir borð.

Algengt er að nota plássið sem myndast fyrir ofan innbyggða klósettkassann á baðherbergjum sem hillu undir skrautmuni. Til þess að nýta plássið sem best er tilvalið að setja upp grunna skápa sem geta þó geymt töluvert af snyrtivörum, salernispappír og fleira í þeim dúr.

Fylgihlutir eru mikilvægir fyrir heildarútlit rýmisins. Því mæli ég með að hafa þau krem og ilmvötn sem eru í fallegum flöskum til sýnis en geyma þá frekar önnur inni í skáp. Einnig kemur það vel út að hafa handklæði í samstæðum litum og hafa fallega kertastjaka inni á baðherberginu. Það getur svo skapað notalega stemningu að kveikja á kerti þegar farið er í bað eða þegar gestir koma í heimsókn.

Sniðugt er að fá sér borðplötu með smá hreyfingu í þannig að leifar af farða sjáist ekki í hvert skipti sem snyrtivörurnar eru notaðar.

Ef ekki er ætlunin að nota baðkar að neinu ráði er alveg eins gott að sleppa því þar sem það er plássfrekt. Hafðu frekar rúmgóða sturtu og fjárfestu í góðum sturtuhaus.



Lítið dúllerí getur gert mikið.



Kertaljós gera kraftaverk.



Dæmi um skemmtilega LED-lýsingu.

*Sandra Dís Sigurðardóttir*
*innanhúsarkitekt*

**www.facebook.com/dis.honnun**
**www.sandradis.com**


Nýtt frá
Hawaiian Tropic
Silk Hydration sólarvörn
rakakrem og sólarvörn
létt og silkimjúkt
kókosilmur
HAWAIIAN
Tropic
Silk
HYDRATION
50
30
15
UVPROTECT
HAWAIIAN
Tropic™
EST. 1969

# SPJALLIÐ

# HEPPIN AÐ VERA Á LÍFI

***Hin brosmilda og hláturglaða Bryndís Ásmundsdóttir hefur svo sannarlega slegið í gegn bæði með söng sínum og leik hér á landi enda óhætt að segja að hún búi yfir vandfundnum krafti og ótrúlegri útgeislun. Bak við gleðina reynast þó þungar þrautir sem Bryndís hefur þurft að takast á við.***

**FULLT NAFN?** Bryndís Ásmundsdóttir

**ALDUR?** 38

**HJÚSKAPARSTAÐA?** Í sambúð.

**BÖRN?** Þrjú börn og tveir fóstursynir

**STARF?** Söng- og leikkona.

Bryndís er leikkona að mennt og hefur lengi verið áberandi í samfélaginu enda tekið þátt í mörgum og miklum sýningum, svo ekki sé talað um sönginn en hún hélt heiðri Janis Joplin lengi á lofti með glæsilegri sýningu með lögum söngkonunnar heitinnar.

Líf Bryndísar komst þó í fjölmiðla fyrir aðrar sakir en vinnu fyrir tveimur árum þegar hún og Fjölnir Þorgeirsson rugluðu saman reytum enda vakti þetta skemmtilega par athygli hvar sem það kom.

### *Fann ástina í heita pottinum*

*Hvar kynntust þið?* „Við Fjölnir höfðum verið kunnug í mörg ár og ég hafði verið pínu laumuskotin í honum í um 17 ár. En hjörtu okkar mættust fyrst í heita pottinum í Laugardalslauginni. Ég hafði verið að æfa í World Class, en aldrei niðri í Laugum. Þennan dag keyrði ég hins vegar án þess að hugsa niður í Laugar og endaði í pottinum með Fjölni og pabba hans. Hló þar mikið og skemmti mér vel enda varla hægt að spjalla við meiri gleðigjafa en Fjölni. Þarna gerði ég mér virkilega grein fyrir því hvað hann var góður og spennandi maður.“

### *Fóru strax til ráðgjafa*

Nú tveimur árum síðar hefur ást ykkar borið ávöxt og þið eignast fallegan son og búið saman í Hveragerði.

*Smá u-beygja í lífinu ekki satt?* „Jú svo sannarlega en við erum skynsamt og duglegt fólk þrátt fyrir að vera svolítið hvatvís bæði tvö. Við eigum auðvitað tvö börn hvort úr fyrri samböndum og því mikilvægt að vanda sig við að setja saman fjölskyldurnar. Við vissum bara strax að við vildum vera saman svo að við fórum til ráðgjafa og fengum einfaldlega leiðbeiningar um hvernig væri best að fara að. Ég setti svolítið miklar kröfur á sjálfa mig í byrjun en góðir hlutir gerast hægt. Það veit ég í dag. Við erum svakalega heppin með börnin okkar og þeim kemur vel saman og vanda sig öll eins og þau geta.“

*Þið eruð búsett í Hveragerði, hvernig kom það til?* „Fjölnir var búinn að skjóta þar rótum og stundar þar sína vinnu og sinnir hrossunum sínum og þar sem fjarbúð var ekki til umræðu þá ákvað ég að flytja í sveitina.“ ▶



***Ég er bara svo heppin að eiga góða að sem börðust fyrir mig og hugsuðu um mig. Fjölnir hefur verið kletturinn í mínu lífi, hann grípur mig þegar ég dett og hefur vit fyrir mér þegar ég æði fram úr mér eins og ég á til. Hann færði fjöll fyrir mig á þessum tíma.***

Úrval sumarkjóla




MÝRIN

Mýrin Kringlunni • Mýrin Hafnarbúðum Geirsgötu



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Uppáhalds

**MATUR?** Hrossa- og folaldalund.
**DRYKKUR?** Vatn, kaffi, bjór og eðalrauðvín.
**VEITINGAHÚS?** Grillmarkaðurinn.
**TÍMARIT?** Hús og híbýli.
**VEFSÍÐA?** Hestafréttir.is
**VERSLUN?** Volcano Design og Ígló.
**HÖNNUÐUR?** Snillingurinn hún Katla Volcano.
**HREYFING?** Sund, hjól og hestbak.
**DEKUR?** Að vera í góðum félagsskap.





DEBENHAMS

Sérfræðingur frá **Bourjois** veitir ráðgjöf í **Debenhams** og kynnir nýjungar dagana 14. – 19. júní Gjöf fylgir þegar keyptar eru tvær eða fleiri vörur.

BOURJOIS síðan 1863




Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



### *Hefði komið heim í líkkistu*

Bryndís varð fljótt ólétt og ekki reyndist sú meðganga, sem var hennar þriðja, nein draumameðganga.

*Viltu segja okkur nánar frá raunum þínum?* „Ég var í frábæru formi þegar ég varð ólétt og átti því von á að þetta yrði auðvelt fyrir mig. Á þriðja mánuði byrja ég hins vegar að verða andstutt. Við fórum strax að gera smá grín að ástandinu, aldrinum og svo fór ég auðvitað að efast um góða formið. Ég fór reglulega í mínar skoðanir þangað til að ég var nánast hætt að ná andanum, þá fór ég í frekari rannsóknir. Fyrsta skrefið var að athuga skjaldkirtilinn sem á það til að stríða konum í kringum meðgöngur.“

Ekkert var að skjaldkirtli Bryndísar og var hún því send í frekari rannsóknir niður á hjartagátt. „Þar var ég greind með lungnabólgu og fékk skrifað upp á sýklalyf. Ég var svo heppin að hitta góða vinkonu mína sem starfaði þarna sem hjúkrunarkona. Henni leist svo illa á ástandið á mér að hún lét í sér heyra. Eftir nánari skoðun á myndum og frekari rannsóknir kom í ljós að ég var með blóðtappa.“

Fjölnir og Bryndís höfðu verið að leggja á ráðin um Spánarferð með öll börnin á þessum tíma en Bryndís segir einhverja skynsemi hafa komið yfir þau bæði og þau hætt við ferðina. „Ég hefði komið heim úr þeirri ferð í líkkistu.“ Við tók spítalalega, blóðþynnandi lyf og erfiður tími fyrir Bryndísi sem óttaðist eðlilega um heilsu barnsins sem hún gekk með. Í kjölfarið fékk hún alvarlegt kvíðakast.

### *Sálin jafn mikilvæg og líkaminn*

„Ég var látin taka þetta klassíska þunglyndispróf sem var ekkert sérstaklega mér í hag og fékk því lyf í kjölfarið sem tekur líkamann og hugann nokkra daga að aðlagast. Á þessum aðlögunartíma fékk ég viðtal við geðlækni sem ákvað eftir örstutt spjall að senda mig inn á geðdeild undir lok meðgöngunnar. Ég taldi mig að sjálfsögðu vera að tala við öruggan og traustan fagaðila og ákvað því að hlýða en ég hef aldrei séð manninn minn jafn reiðan yfir lélegri þjónustu. Ég vildi fylgja kerfinu og mætti því samviskusamlega upp á geðdeild.“ Bryndís segist hafa upplifað geðdeildina eins og að hafa verið send til Sarajevo. „Ég fékk taugaáfall við að sjá aðstæður á þessum stað sem á að hjálpa fólki að ná geðheilsu. Sálin er jafn mikilvæg og líkaminn og þarna getur bara ekki nokkur maður náð bata. Það er einfaldlega ekkert sem gleður skynfærin á þessari geðdeild. Það skal enginn segja mér að það sé ekki hægt að gera geðdeild fallega. Ég gat ekki hugsað mér að staldra þarna við og var útskrifuð sama dag, mér og minni fjölskyldu til mikils léttis.“

### *Kemur að skuldadögum*

Bryndís segist hafa barist við kvíða í fortíðinni enda átt það til að brosa bara í gegnum tárin. Hún segir alla þurfa að rækta sálina því það komi alltaf að skuldadögum. Bryndís komst í réttar hendur og fékk pláss á Heilsustofnun í Hveragerði. „Þangað á hvert mannsbarn að fara einu sinni á ári, þvílíkur staður. Ég gekk inn með pillubox og kvíða og kom út pillulaus og slök. Þarna er dásamlegt starfsfólk, hollur og góður matur og mikið uppbyggilegt um að vera. Ég vil ekki gera lítið úr starfsfólki heilbrigðisstofnana hér á landi en eftir að hafa verið greind vitlaust á líkama og sál og upplifað kerfið þá er augljóst að þetta fólk er úrvinda og að flýta sér allt of mikið. Þetta er ekki fólki bjóðandi, hvorki þeim né okkur sem sækjum þjónustuna.“

Bryndís vill ekki vera í felum með þessi mál heldur segist þvert á móti vilja vera öðrum víti til varnaðar. „Ég er bara svo heppin að eiga góða að sem börðust fyrir mig og hugsuðu um mig. Fjölnir hefur verið kletturinn í mínu lífi, hann grípur mig þegar ég dett og hefur vit fyrir mér þegar ég æði fram úr mér eins og ég á til. Hann færði fjöll fyrir mig á þessum tíma.“

*Hvernig líður þér í dag?* „Í dag líður mér vel, ég er þakklát og ég er hamingjusöm. Ég á yndislega fjölskyldu og dásamleg börn.“

*Er framtíðin í Hveragerði?* „Það er ómögulegt að segja, við erum opin fyrir breytingum enda kannski óhentugt fyrir minn feril að vera hér. Eins og staðan er núna nýt ég þess að vera heima í fæðingarorlofi þó svo að ég þurfi nú alltaf að taka eitt og eitt verkefni inn á milli bara svona til að halda mér við. Annars erum við bara að rækta vináttuna, ástina og sambandið,“ segir Bryndís Ásmundsdóttir glöð að lokum.



MYND/ÁSBERG

Lestu meira hér

# UNDRAEFNIÐ MATRIXYL

Ótrúleg virkni – Magnaður árangur!




**Er lausnin komin í yngingarmeðferðum og er bótox úr sögunni?**

Nýleg rannsókn sem gerð var við Reading Háskólann í Bretlandi hefur leitt í ljós að efnið **Matrixyl** hefur mikil áhrif á kollagenframleiðslu húðarinnar því efnið dregur sjáanlega úr hrukkum og hrukkumyndun. “Klínísk gögn sýna fram á að þetta undraefni getur tvöfaldað kollagenframleiðslu húðarinnar sem er náttúrulega fyllingarefnið okkar” segir Chris Griffiths, prófessor í húðlækningum við Háskólann í Manchester.

**En er þetta of gott til að vera satt?**

Fyrsta vísindalega sönnunin fyrir virkni efnisins kom fram í rannsókn sem gerð var árið 2005 af húðlæknum og vísindamönnum hjá Procter&Gamble en húðkremaframleiðandinn Olay er einmitt í eigu þeirra. Matrixyl var prófað á 93 konum á aldrinum 35-55 ára en þær voru látnar bera Matrixyl á helming andlitsins í þrjá mánuði og árangurinn lét ekki á sér standa. Vísindamenn sögðu muninn vera með öllu marktækan. Línur, hrukkur og sólarskemmdir á húð þessa úrtaks höfðu minnkað til muna á þeim helming andlitsins sem efnið var borið á eftir þriggja mánaða notkun og konurnar voru himinlifandi með árangurinn! Nú gefst okkur tækifæri á að prófa virkni efnisins því Matrixyl er að finna í Regenerist 3 point Super Seruminu frá Olay.

medico.is

REGENERIST


NÝ KYNSLÓÐ
BB KREMA
MAXFACTOR
CC
COLOUR CORRECTING CREAM
INSTANT COMPLEXION ENHANCER
SPF 10
NÝTT
CC COLOUR CORRECTING CREAM
INSTANT COMPLEXION ENHANCER
MAX FACTOR
THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS
**Sölustaðir:** Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli. **Hagkaup:** Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind. **Lyf & Heilsa:** Austurveri, Eiðistorgi, Hringbraut og Kringlunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Lyfjaborg, Lyfjaver, Lyfjaval Bílaapótek, Nana, Urðarapótek.
**Landið: Lyf & Heilsa** Glerártorgi, Hrísalundi, Hveragerði, Vestmannaeyjum. Apótek Suðurnesja Keflavík & KS Suðárkróki.



# HEIMASÍÐAN FRÓÐLEIKUR OG FLOTTAR GREINAR

***Síðan www.mataraedi.is er skemmtileg vefsíða um mataræði, næringu og heilsu. Síðan er í umsjá Axels F. Sigurðssonar hjartalæknis.***

**Mataræði.is inniheldur efni og umræðu um mataræði, næringu, hreyfingu, heilbrigt líferni og forvarnir gegn sjúkdómum. Markmiðið er að veita greiðan aðgang að vönduðu efni og fróðleik sem byggir á gagnreyndum vísindarannsóknum og ráðleggingum viðurkenndra sérfræðinga.**

**„Ég er ekki fylgismaður eins mataræðis umfram annað. Við erum öll ólík og þurfum því ólíkar áherslur þegar kemur að mataræði. Einstaklingar sem þjást af offitu eða sykursýki geta þurft að velja allt aðrar leiðir en þeir sem eru í eðlilegum holdum en vilja auka heilbrigði sitt með hollu mataræði. Hraustur íþróttamaður kann svo að kjósa enn aðrar áherslur. Ég trúi ekki á „one size fits all“ þegar kemur að mataræði,“ segir læknirinn meðal annars.**

ÚT Á GRANDA
VEIÐIPORTIÐ 10 ÁRA
Grandagarði 3 | Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16. Opið á sunnudögum í allt sumar 10 – 14

**Barnavöðlur**
Þessar hafa heldur betur slegið í gegn. Hvort heldur sem er í veiðina eða leikskólann.
Aldrei aftur blautir fætur.
Grænar, bleikar, bláar og mosagrænar.
St.22 – 41
**Verð frá 9.900 kr**



**Ný sending af Polaroid gleraugum**
Poki og bönd fylgja öllum gleraugum
**Verð frá 3.900 kr**



**Ódýra fluguveiðisettið**
Frábært flugustangarsett. Stöng, lína, hjól, 10 flugur, veiðihúfa og taumur.
**Aðeins 19.900 kr**



**Flökunarhnífar**
Góður flökunarhnífur með mjúku blaði og slíðri
**Aðeins 2.500 kr**



# TÍSKA MEÐ SÓL Í HJARTA OG Í FALLEGRI FLÍK

***Hvort sem okkur líkar það betur eða verr þá er svo sannarlega ekki hægt að stóla á sólina hér á landi þó svo að sumarið sé formlega gengið í garð. Eitt er þó víst að sumarið einkennist af gleði, fjölskyldu og vinahittingum, útilegum, ferðalögum og öðrum hamingjustundum. Þá er mikilvægt að vera jákvæður og að sjálfsögðu leyfa sér fallega hluti sem gleðja sálina. Hér má sjá brot af því sem gæti komið þér í gegnum sumarið og hresst upp á fataskápinn.***



Það fer enginn í gegnum sumarið sólgleraugnalaus. Flott þessi úr Kastaníu.



Vinsældir Nike-free-run ætla engan enda að taka enda löglegir við allt. Þeir eru nú fáanlegir í öllum regnbogans litum.



Skósíður sumarkjóll er skyldueign í sumar. Vero Moda.



Dásamleg armbönd eftir Hendrikku Waage. Fáanleg í versluninni Andreu.



Ekki veitir af að eiga eins og eina regnkápu fyrir íslenska sumarið. Þessi er úr versluninni Lindex.



Isle Jakobsen stígvélin fallegu gætu komið sér vel á rigningardögum.



Maskari í lit gerir mikið fyrir útlitið. Þessa má finna í MAKE UP STORE.



Þessi töff sundbolur er úr nýju versluninni Moodbox.

# ÞÚ ERT EKKI ÞÚ ÞEGAR ÞÚ ERT SVANGUR





## ...spjörunum úr

## Helgi Snær Ómarsson

**ALDUR** 22 ÁRA.
**STARF** LJÓSMYNDARI, „MODEL SCOUT“ OG YFIRMAÐUR LISTADEILDAR ELITE MODEL MANAGEMENT I KAUPMANNAHÖFN ÁSAMT ÞVÍ AÐ STANDA NOKKRAR VAKTIR Í THE KOOPLES.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Kærastann minn.

**En kysstir?** Líka kærastann, hann fékk nokkra meira að segja.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Foreldrar mínir en þau gerðu afmælisdaginn minn frábæran með því að senda mér blóm, súkkulaði og fallegt kort í vinnuna. Fékk þar af leiðandi smá „taste of home“ – get ekki lýst því hve frábært það var eftir heimþrá síðustu daga.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Þeir eru nokkrir. Ég hef til dæmis alltaf viljað vera í svaka flottu formi og er kominn af stað með það verkefni því ég neita að umbera annað mikið lengur. Svo auðvitað persónulegri hlutir, sem draga kannski úr manni orku eða brjóta mann niður. Það þýðir ekkert annað en að takast á við þá, láta sér og sínum líða vel, það er mér mikilvægast. „Be the best I can be.“

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Ég geri svo mikið af því, eiginlega vandræðalega mikið. Síðast var það líklega þegar ég tók Harlem Shake í metróinu, þar hékk ég á hvolfi og hreyfði mig eins og vitleysingur, sem vakti mikla lukku farþega. Já, það voru nokkrir kokteilar í kroppnum.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Algjörlega. Ég á það til að vorkenna sjálfum mér svakalega mikið þegar ég verð eitthvað lítill í mér eða er lasinn. Númerið hjá vælubílnum mínum er samt númerið hennar mömmu, það skilar alltaf góðum árangri að hringja í hana.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Ég fer allavega enn hjá mér þegar ég hitti Frikka Dór. En ég kippi mér ekkert upp við að hitta Chris Brown til dæmis. Ég er yfirleitt nokkuð stöðugur, Beyoncé var þó algjör undantekning. Ég trylltist, „yes I did“.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Nei, enda asnalega opinn og ófeiminn.

# HELGARMATURINN LÍFRÆNT LJÚFMETI

**Björg Alfreðsdóttir**
***nýbökuð móðir segist ávallt eiga þessa dásamlegu hrá-köku í frystinum enda sé hún skotheld með kaffinu.***

*Hrákaka með hnetusmjöri og súkkulaðibráð:*

**1 bolli döðlur**
**1 bolli gróft kókosmjöl**
**1 bolli pekanhnetur**
**4 msk. kakó**
**½ tsk. vanilludropar**

Döðlur lagðar í bleyti í um 10 mínútur og síðan maukaðar í matvinnsluvél. Restinni af hráefninu bætt við og öllu hrært saman. Ef botninn er of þurr þá má bæta við örlitlu af kókosolíu. Sett í kökuform og þrýst vel niður í formið. Sett í frysti á meðan súkkulaðið er útbúið.
Eftir þetta er gróft lífrænt hnetusmjör sett vel yfir (um 2 msk.) og súkkulaðibráð.

*Súkkulaðibráð:*

**5 msk. kókosolía (fljótandi)**
**5 msk. agavesíróp eða annað lífrænt síróp**
**5 msk. kakó**
**½ tsk. vanilludropar (helst lífrænir)**

Súkkulaðibráðinni hellt yfir og kakan



geymd í frysti. Ómótstæðileg með ferskum berjum og kókosflögum. (sleppi stundum hnetusmjörinu ef það er ekki til, er ekkert síðri þannig).



**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð. Róbert S. 866 9767

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Aksturskennslusvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolaöldur, Sveitarfélaginu Ölfusi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **15. júlí 2013.**

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Hólmsheiði, Almannadalur**
Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Hólmsheiði, hesthúsabyggðar í Almannadal. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja litlar svalir á húsgöflum á öllum gerðum húsa við Almannadal.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Hverfisgata 59, 61 og Frakkastígur 6b**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 59 og 61 við Hverfisgötu og 6b við Frakkastíg. Í breytingunni felst sameining lóða, bygging bílkjallara og loka undirgöngum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 14. júní 2013 til og með 26. júlí 2013**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 25. júlí 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. júní 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

LANGAR ÞIG Í LEIKHÚS?
Borgarleikhúsið · Leikfélag Akureyrar · Austurbær · Þjóðleikhúsið
Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.
midi.is

HreinirGarðar

Beðahreinsun
hreinirgardar@hreinirgardar.is
S: 571-2000

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**MÚRVIÐHALD SÍMI 770 4520 HÚSAVIÐHALD - NÝBYGGINGAR**
Allar múrviðgerðir - steining - múrar -

áratuga reynsla.

Smiðir - málarar - háþrýstiþvottur - píparar.
**Netfang: murvinna@gmail.com**



**SÓLPALLA/PARKET-SLÍPUN**
Tökum að okkur parket og sólpallaslípun, parketlagnir og viðgerðir. Vönduð vinna og frábær verðtilboð. Láttu okkur gera þér tilboð og gera parketið/pallinn eins og nýjan. Uppl. í s. 773 4949. parketlausnir.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Byggingameistari með mikla reynslu í faginu getur bætt við sig verkefnum.
Nýsmíði • Viðhald
Flísalagnir • Endurbætur
Er í samstarfi við pípara og rafvirkjameistara.
Er meðlimur í M.F.H
Upplýsingar í s. 862 1546

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- pípulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Nudd

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

Nudd fyrir heilsuna. Síðumúla 25. Uppl. í S. 698 2260

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna Volkova.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**ÞARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

**HÚSDÝRAGARÐURINN HRAÐASTÖÐUM MOSFELLSBÆ.**
Opið 9-17 alla daga hænur, kindur, geitur, svín. 600 kr. inn. Erum á facebook. S. 8995136.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

Vega- og framkvæmda merkingar
Þú ekur á 29 km/klst
ÍSMAR
Síðumúla 28 - s:5105100
www.ismar.is



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sogavegur 3, Sími 777 2000.




**FALLEGAR TÆKIFÆRISGJAFIR!**
Saltkristalslampar í miklu úrvali Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. www.ditto.is

**MIÐSTÖÐVARKETILL TIL SÖLU**
Er staðsettur á Ströndum. Auka blöndungur fylgir. Verðhugmynd: 30.000 Uppl. í s. 859-1012 Jóhann, 869-2052 Ólafur, 894-3820 Hannes.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.



**SUMARVÖRURNAR KOMNAR**
Bleikur kjóll á mynd 5.990 Bleik taska á mynd 7.990 tvær minni fylgja með Leggings 3.590 mikið úrval Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook

**FLÓAMARKAÐURINN NÝBÝLAVEGI 8 GAMLA TOYOTAHÚSINU,**
Dvd myndir, húsgögn, pelsar, vínilplötur, silfurmunir, plötuspilarar, frímerki og ýmislegt fleira fyrir lítið sem ekkert. Heitt á könnunni og heimabakaðar kleinur á vægu verði.
**Opið allar helgar frá kl 11:00 - 17:00 Borðapantanir floi@markadir.is**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 10:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 10:10 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
OWEN WILSON VINCE VAUGHN
theINTERNSHIP
Sumarsmellurinn í ár!
Frábær gamanmynd sem enginn má missa af!
mix LÚXUS 7

| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| THE INTERNSHIP LÚXUS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| THE CROODS 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 5.40 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10.20 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
theINTERNSHIP 7
AFTER EARTH 10
PART III ★★★★ New York Daily News 12
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
epic L
★★★★ H.K. - Monitor FAST & FURIOUS 6 12

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| AFTER EARTH | 8 | 10 |
| EPIC 2D | 5 | L |
| EPIC 3D | 5 | L |
| HANGOVER III | 8 - 10.10 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 10.10 | 12 |




# Túristinn sækir í sig veðrið

**BAKPANKAR**
Magnúsar Þorláks Lúðvíkssonar



Stærsta breytingin sem orðið hefur á íslensku mannlífi síðustu ár er sennilega fjölgun erlendra ferðamanna. Á þessu ári gætu þeir orðið 800 þúsund og hefur þá fjölgað um ígildi íslensku þjóðarinnar á fimm árum. Allir þekkja umræðuna um hvað við erum að græða mikið á ferðamönnunum enda færa þeir okkur gjaldeyri og búa til grundvöll fyrir fjölda starfa. Sömuleiðis þekkja allir umræðuna um aukinn ágang á náttúruperlur. Hættan er sú að þessir staðir grotni niður og upplifunin líði fyrir það. Náttúruperlurnar á Íslandi eru föst stærð, við getum ekki fjölgað þeim að ráði til að dreifa álaginu. En þetta vita allir, feikinóg hefur verið skrifað um þetta. Mig langar heldur til að gefa annars konar perlum gaum. Perlum sem eru eins og náttúruperlurnar eftirsóknarverðar en má fjölga; menningarperlum. Því þótt náttúran sé helsta aðdráttarafl landsins er ekki eins og allir ferðamenn gisti í hjólhýsum í Haukadal og bara haldi sig þar.

Fjölgun ferðamanna hefur nefnilega stóraukið möguleika til þess að halda úti blómlegri menningarstarfsemi á Íslandi. Það segir sig sjálft að fleiri menningarviðburðir, söfn, veitingastaðir og svo framvegis fá þrifist eftir því sem mengi mögulegra gesta eða kúnna stækkar. Og þótt ég hafi notað orðið mengi eru þetta ekki akademískar vangaveltur. Gott dæmi er hvernig miðborgin hefur teygt sig eftir höfninni í átt að Granda, ekki síst eftir að Reykjavík Marina hótelið opnaði. Nú er þar að finna fjölda veitingastaða og annars konar starfsemi sem ekki var grundvöllur fyrir áður.

En þetta er ekki bara spurning um miðborgina. Án þess að ég þekki það af eigin raun skilst mér að menningarlíf hafi aukist nokkuð, í það minnsta á sumrin, til dæmis á Akureyri og Ísafirði síðustu ár. Því fylgja aukin lífsgæði fyrir íbúa. Þá grunar mig að enn séu ónýtt tækifæri í tengslum við menningarstarfsemi fyrir ferðamenn. Gætu leikhúsin í Reykjavík sett upp leiksýningar á ensku á sumrin? Ég veit það ekki, en ég er fáránlega ánægður með alla nýju ferðamennina.



**GÓÐIR GESTIR** Katrín Hall, Vigdís Finnbogadóttir og Viðar Eggertsson.

# Góðir gestir á Grímunni

Uppskeruhátíðin Gríman fór fram með pompi og prakt í Þjóðleikhúsinu á miðvikudagskvöldið. Ólafía Hrönn vakti lukku sem kynnir kvöldsins þar sem hún var iðin við búningaskipti. Kristbjörg Kjeld og Ólafur Darri Ólafsson voru valin leikkona og leikari ársins og sýningin Macbeth var valin sýning ársins.



**GÓÐ SAMAN** Vigfús Birgisson og María Ólafsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRINN** Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson.



**BROSANDI** María Thelma Smáradóttir og Níels Thibaud Girerd.



**STILLTI SÉR UPP** Símon Birgisson.



**GAMAN** Hlynur Jóhannsson og Karen Ingimarsdóttir.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# Jibbí jei!

## Body butter - og body skrúbbar með

# 30% afslætti

**14.-16. júní**




THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND OG GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

## Kara kveður íslenskan körfubolta í bili



**KÖRFUBOLTI** „Ég er að flytja út til Noregs í haust ásamt manninum mínum. Hann er kominn með góða vinnu og ég mögulega seinna,“ segir Margrét Kara Sturludóttir. Kara hefur verið í fremsta flokki í íþrótt sinni undanfarin ár. Hún spilaði þó ekkert á síðasta tímabili þar sem hún var ólétt að syni sínum.

„Hann er tveggja mánaða. Þetta er bara ótrúlega gaman,“ segir Kara um barnauppeldið. „Ég hefði pottþétt spilað körfu hefði ég verið áfram heima,“ segir Kara. Hún segir að bæði Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari KR, hafi heyrt í sér hljóðið og sömuleiðis heyri hún reglulega í vinum sínum í Njarðvík.

„Það er kannski eitthvert körfuboltalið þarna úti. Ég er ekki búin að skoða það,“ segir Kara sem mun búa í Kristiansand, syðst í Noregi. -ktd

## Róberti standa nokkur félög til boða

**HANDBOLTI** „Staðan er frekar óljós. Það eru samningaviðræður í gangi við Hannover-Burgdorf. En ég ætla að skoða alla mína möguleika,“ segir stórskyttan Róbert Aron Hostert. Róbert Aron var á reynslu hjá þýska liðinu á dögunum og gekk vel á æfingum liðsins.

„Það eru nokkur félög sem vilja fá mig. Ég ætla ekki að velja neitt í flýti,“ segir Róbert sem varð Íslandsmeistari með Fram á dögunum. Hann segir mestu máli skipta að fá nægan tíma til að spila. Hann vilji gera meira en læra tungumálið á sínu fyrsta ári. Hannover-Burgdorf hafnaði í sjötta sæti í þýsku deildinni sem þykir sú sterkasta í heimi.

„Hannover er auðvitað stórlið,“ segir Róbert aðspurður hvort það væri skynsamlegra að fara fyrst til liðs í b-deildinni.

„En ég held að ég geti alveg plumað mig í efstu deild. Það er bara mitt að fara út og sýna að ég eigi spiltíma skilið. Svoleiðis verður það hjá öllum félögum,“ segir Róbert. Hann segir svo gott sem öruggt að hann spili erlendis á næstu leiktíð. -ktd



**ATVINNUMENNSKA** Róbert Aron er eftirsóttur ytra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Toppslagur í Kópavogi

**FÓTBOLTI** Breiðablik og ÍBV eigast við í mikilvægum leik í Pepsi-deild kvenna í kvöld en þetta eru liðin í öðru og þriðja sæti deildarinnar. Stjarnan er á toppnum með fullt hús stiga og því má hvorugt fyrstnefndu liðanna helst við því að tapa stigum í kvöld, til að halda í við Garðbæinga í toppbaráttu deildarinnar.

Berglind Björg Þorvaldsdóttir er uppalin í Vestmannaeyjum en leikur nú með Breiðabliki. „Þetta verður mikill baráttuleikur og ég efast ekki um að ÍBV muni gefa allt í leikinn. Við töpuðum fyrir FH í síðustu umferð og viljum bæta fyrir það,“ sagði hún.

„Það er svo alltaf gaman að mæta gömlu félögunum. Því fylgir spenningur og stress en líka tilhlökkun,“ bætir hún við. Leikurinn í kvöld verður sýndur í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport og á íþróttavef Vísis. - esá

## ÚRSLIT

### BORGUNARBIKAR KARLA

**16-LIÐA ÚRSLIT**

**BÍ/BOLUNGARVÍK - ÍBV** **0-1**
0-1 Aaron Spear (38.).

**Rautt spjald:** Daniel Osafo-Badu, BÍ/Bol. (79.).

**Aðrir leikir** í 16-liða úrslitunum fara fram á miðvikudag og fimmtudag í næstu viku.

### 1. DEILD KARLA

**ÞRÓTTUR - GRINDAVÍK** **0-3**
0-1 Jósef Kr. Jósefsson (22.), 0-2 Juraj Grizelj (23.), 0-3 Guðfinnur Þórir Ómarsson (88.).

**LEIKNIR - VÍKINGUR** **2-2**
1-0 Brynjar Hlöðversson (35.), 1-1 Aron Elís Þrándarson (53.), 2-1 Hilmar Árni Halldórsson, víti (66.), 2-2 Viktor Jónsson (89.).

## LEIKIR KVÖLDSINS

### PEPSI-DEILD KVENNA

| | |
|---|---|
| **BREIÐABLIK - ÍBV** | **KL. 18.00** |
| *Sýndur á Stöð 2 Sport og á íþróttavef Vísis.* | |
| **SELFOSS - STJARNAN** | **KL. 19.15** |
| **VALUR - FH** | **KL. 19.15** |
| **ÞRÓTTUR - HK/VÍKINGUR** | **KL. 19.15** |

# Betri reynsla á Íslandi

Valsarinn James Hurst stefnir hiklaust að því að komast aftur að í ensku úrvalsdeildinni og spila með þeim bestu í boltanum. Fyrsta skrefið er að koma sér aftur í gott form á Íslandi en hann er leikmaður 6. umferðar Pepsi-deildarinnar.

**FÓTBOLTI** Íslenskir knattspyrnuáhugamenn fögnuðu sjálfsagt þegar Valsmenn kræktu í varnarmanninn James Hurst skömmu fyrir tímabilið í Pepsi-deild karla, enda átti hann frábært sumar þegar hann spilaði sem lánsmaður hjá ÍBV fyrir þremur árum.

Hurst átti góðan leik og skoraði eitt mark þegar Valur vann 5-3 sigur á Þór í síðustu umferð Pepsi-deildar karla. Hann er því leikmaður 6. umferðarinnar að mati Fréttablaðsins.

Hann segist kominn aftur til Íslands til að koma ferli sínum aftur í gang eftir erfið meiðsli.



**ÖFLUGUR** James Hurst var frábær með ÍBV árið 2010 og er óðum að finna fyrra form með Valsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Lá á spítala í mánuð**

„Ég meiddist í nára og fór í aðgerð. Hún gekk ekki nógu vel og ég þurfti að vera á sjúkrahúsi í einn mánuð. Læknarnir áttu erfitt með að útskýra hvað væri að en ég jafnaði mig á endanum og líður vel í dag. En þetta þýddi að ég hafði misst af stórum hluta tímabilsins úti. Því taldi ég það árangursríkustu leiðina til að koma mér aftur í gott form að koma aftur til Íslands,“ sagði Hurst en hann er samningsbundinn Val til loka tímabilsins. Hann staðfestir þó að hann hafi rætt við Eyjamenn um að koma aftur til ÍBV en ákvað á endanum að ganga til liðs við Val.

Hurst er aðeins 21 árs gamall og skrifaði undir sinn fyrsta atvinnumannasamning fyrir fimm árum. Þá hafði hann spilað með unglingaliðum West Brom og hafði verið orðaður við stórlið á borð við Arsenal og Manchester United. En hann valdi að semja við Portsmouth, þar sem hann var í tvö ár. Eftir dvölina hjá ÍBV samdi hann við West Brom á ný.

**Nýtti sénsinn vel**

„Það var mjög erfitt að komast í aðalliðið þar,“ sagði hann en West Brom hafnaði í áttunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar þetta tímabilið. Hurst spilaði þrjá leiki tímabilið 2010-2011, þar af einn deildarleik í byrjunarliði, og þótti standa sig vel.

„Mér fannst ég nýta mín tækifæri mjög vel. En það var greinilega ekki nóg og tókst mér ekki að komast í aðalliðið, hverju sem það var að kenna. Ég sé þó ekki eftir neinu enda lagði ég mig allan fram,“ sagði Hurst.

Hann segir markmiðið hjá sér að komast aftur í ensku úrvalsdeildina og lítur á dvöl sína hér sem lykilþátt í því.

## LIÐ UMFERÐARINNAR




**Ísland góður stökkpallur**

„Það reyndist svo góður stökkpallur fyrir mig að koma til Íslands síðast þegar ég var hérna. Annars hefði ég aldrei fengið tækifæri til að spila með þeim bestu. Þegar ég kom aftur til Englands í lok ágúst 2010 var ég í betra formi en aðrir leikmenn. Það kom sér vel og ég fékk tækifærið í desember,“ segir Hurst.

Síðastliðin tvö ár hefur hann verið í láni hjá alls fjórum liðum í neðri deildum enska boltans og hann segir það mun betri reynslu en að spila með varaliði úrvalsdeildarfélags.

„Þessi umræða kemur reglulega upp í Englandi en frá því að ég var sextán ára gamall hef ég lagt áherslu á að spila með eldri leikmönnum í alvöru liðum. Ég myndi mæla með því við sextán ára leikmenn að spila frekar í neðri deildunum, jafnvel utandeildinni, heldur en að berjast um athygli í varaliði hjá stóru félagi,“ segir Hurst.

**Fáið reynsluna frekar heima**

Spurður segist hann hiklaust mæla með því að ungir og efnilegir íslenskir leikmenn dvelji lengur hér á landi fremur en að spila með unglinga- og varaliðum sterkra evrópskra félaga. „Ég mæli frekar með því að spila með karlmönnum á Íslandi en í varaliði úti. Það er betri reynsla.“ eirikur@frettabladid.is

ECCO HLAUPADAGAR
13-16 júní.





Stærðir: 36-47
Áður kr. 23.995
**Nú kr. 19.196.-**



Stærðir: 40-46
Áður kr. 29.995
**Nú kr. 23.996.-**



Stærðir: 36-41
Áður kr. 21.995
**Nú kr. 17.596.-**

20% AFSL. AF ÖLLUM HLAUPASKÓM



Stærðir: 36-47
Áður kr. 21.995
**Nú kr. 17.596.-**



Stærðir: 40-47
Áður kr. 21.995
**Nú kr. 17.596.-**



Stærðir: 40-47
Áður kr. 23.995
**Nú kr. 19.196.-**

ecco® Skór.is www.skor.is STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
ECCO - KRINGLAN - SÍMI: 553 8050

# Smart tilboð!




**Aðeins í boði í 10-11!**

10-11

*Fljótlegt og þægilegt*

FÍTON / SÍA




**HORNAMAÐURINN** Bjarki Már á enn eftir að finna sér félag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Spilar líklega á Íslandi í vetur

**HANDBOLTI „Ég hef verið í sambandi við nokkur erlend félög en það hefur ekki gengið upp,“ segir Bjarki Már Elísson, en hann hefur verið í leit að nýju félagsliði undanfarnar vikur. Bjarki Már hefur leikið með HK síðastliðin ár en er laus allra mála frá félaginu. Hornamaðurinn náði sér vel á strik í N1-deildinni á síðasta tímabili og skoraði 141 mark fyrir HK. Bjarki Már nýtti sér uppsagnarákvæði í sínum samningi við HK í lok maí.**

**„Það er alveg út úr myndinni að ég spila meira fyrir HK. Ég býst samt við því að ég leiki á Íslandi næsta tímabil. Maður vill að sjálfsögðu hafa það opið að spila utan landsteinanna en eins og staðan er núna er það ekki líklegt.“**

**En er Bjarki ekki orðinn óþreyjufullur eftir því að finna sér nýtt félag?**

**„Ég er svo sem heitasti bitinn á markaðnum í íslensku deildinni og því hef ég ekki miklar áhyggjur,“ segir Bjarki Már á léttum nótum.**

- sáp

# Íslenskir knattspyrnumenn með óeðlilegt hjartalínurit

Yfir helmingur íslenskra knattspyrnumanna er með óeðlilegt hjartalínurit. Arnar Sigurðsson, læknanemi og knattspyrnukappi, vonar að rannsóknin hjálpi til við að finna undirliggjandi hjartasjúkdóma íþróttamanna.

**FÓTBOLTI** Óvænt dauðsföll knattspyrnumanna hafa oftar en ekki vakið óhug og vaknar oft upp sú spurning hvort álag á íþróttafólk í erfiðisgreinum sé einfaldlega of mikið. Ný íslensk rannsókn sýnir að hjartalínurit íslenskra knattspyrnumanna eru mjög óvenjuleg. Ef um sextugan karlmann væri að ræða þyrftu læknar að hafa töluverðar áhyggjur af sjúklingnum.

Arnar Sigurðsson, margfaldur Íslandsmeistari í tennis, leikmaður Tindastóls í knattspyrnu og læknanemi, vann að rannsókninni.

### Skyndidauði til rannsóknar

Rannsóknin fór fram á árunum 2008-2010 en leikmenn sem voru valdir til þátttöku voru eingöngu þeir sem tóku þátt í keppnum á vegum Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA.

„Sambandið skyldar alla leikmenn til að fara í almenna læknisskoðun þar sem hjartalínuritið er einnig tekið fyrir. Allir leikmenn þurfa að fara í hjartaómskoðun svo þessi hópur var tilvalinn til rannsóknar. Skyndidauði knattspyrnumanna hefur lengi verið í umræðunni og hafa læknar reynt að rannsaka slíkt ítarlega. Það eru til góð dæmi frá Ítalíu þar sem slíkar rannsóknir hafa aðstoðað lækna við að finna undirliggjandi hjartasjúkdóma íþróttamanna og þar af leiðandi komið í veg fyrir stórslys,“ segir Arnar.

### Álagið of mikið fyrir hjartað

„Það er þekkt í þolíþróttagreinum að þær hafa viss áhrif á hjartað. Stór hluti rannsóknarinnar var að skoða hjartalínurit íslenskra knattspyrnumanna sem eiga allir að vera í toppformi. Það sem við sáum í okkar rannsókn var að hjartalínurit þessara leikmanna voru nokkuð brengluð. Ef um væri að ræða sextugan karlmann með sömu niðurstöður þá myndi maður hafa miklar áhyggjur. Við erum í raun að sýna fram á að hið svokallaða íþróttahjarta sýnir oft og tíðum skrítið hjartalínurit. Það þarf þó ekki að þýða að eitthvað slæmt sé undirliggjandi.“

Margir muna eftir því þegar Fabrice Muamba, leikmaður Bolton Wanderers, fékk hjartastopp í miðjum leik þann 17. apríl 2012 og lá lengi milli heims og helju. Leikmaðurinn þurfti að hætta knattspyrnuiðkun.

„Svona rannsóknir gera oft læknum kleift að finna þá leikmenn sem eru með undirliggjandi hjartasjúkdóma og þannig koma í veg fyrir svona atvik. Þetta er einn liðurinn í því að vita að hverju við eigum að leita til þess að reyna að koma í veg fyrir þessi fáu en mjög alvarlegu tilfelli. Það er alls ekki hlaupið að því að finna út undirliggjandi hjartasjúkdóma hjá afreksíþróttamönnum. Hjartalínurit þeirra eru mörg hver svo óeðlileg og því er þetta oft eins og að leita að nál í heystakki.“



**LÆKNIRINN** Arnar valdi sér viðfangsefnið á þriðja ári í læknisfræði en ekkert annað kom til greina en að láta slag standa. MYND/AÐSEND

Alls höfðu 84 knattspyrnumenn af 159, eða 53 prósent, óeðlilegt hjartalínurit. „Karlar sýna meiri tilhneigingu til þess að vera með óeðlilegt hjartalínurit og sérstaklega einstaklingar í erfiðisíþróttum. Það er því mjög erfitt að finna út hvort menn í þessum hópi séu með undirliggjandi hjartasjúkdóma. Rannsóknir af þessum toga eru samt stórt skref í rétta átt.“

stefanp@frettabladid.is





WHIRLPOOL Á ÍSLENSKU
Whirlpool þvottavélar
með íslensku stjórnborði
og íslenskum leiðarvísi
• Íslenskt stjórnborð og íslenskur leiðarvísir
• 6th Sense – Sparar allt að 50% af orku, vatni og tíma
• Daglegt þvottakerfi – 40° daglegt kerfi þar sem má blanda bæði bómull og gerviefnum
• Clean+ – Sérstakt þvottakerfi sem hjálpar til við að losna við blettina
• Vélin fæst bæði í 6kg og 7kg útgáfu
Whirlpool er stærsti heimilistækjaframleiðandi heims
Whirlpool
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.10
### Besta svarið

Í kvöld hefur göngu sína á Stöð 2 glænýr spurninga- og skemmtiþáttur undir öruggri stjórn Sverris Þórs Sverrissonar, sem er betur þekktur sem Sveppi. Fyrsti gestur þáttarins er Selma Björnsdóttir, en með henni mæta þrjár bestu vinkonur hennar. Vinkonurnar eiga að keppa um að finna bestu svörin við spurningum um Selmu, t.d. hvað fer mest í taugarnar á Selmu við börn eða hvaða íslenska hljómsveit Selmu finnst leiðinlegust.



## Í KVÖLD



### Arrested Development
**STÖÐ 2 KL. 19.35** Fjórða þáttaröðin um hina stórskrítnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu sem rekur fjölskyldufyrirtæki.

TV.COM 9,0 IMDb 9,2



### Animal Practice
**RÚV KL. 19.40** Bandarísk gamanþáttaröð um dýralækninn George Coleman sem þykir afar vænt um dýrin en fyrirlítur gæludýraeigendur.

TV.COM 7,7 IMDb 5,4



### The O.C.
**POPPTÍVÍ KL. 20.55** Ryan Atwood er af fátæku fólki kominn en líf hans gjörbreytist þegar hann kynnist Cohen-fjölskyldunni sem býr í flottasta hverfi Newport.

TV.COM 7,2 IMDb 9,0

## Bylgjan kl. 13
### Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli klukkan 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið og gefur þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.








### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In the Middle** (2:22)
**08.30** **Ellen** (76:170)
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** (103:175)
**10.15** **Celebrity Apprentice** (11:11)
**11.50** **The Mentalist** (5:22)
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Four Last Songs**
**14.50** **Extreme Makeover: Home Edition** (5:25)
**15.30** **Sorry I've Got No Head**
**16.00** **Leðurblökumaðurinn**
**16.25** **Ellen** (15:170)
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** (15:21)
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Simpson-fjölskyldan** (18:22)
**19.35** **Arrested Development** (1:15) Fjórða þáttaröðin um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Michael tók við fjölskyldufyrirtækinu eftir að faðir hans var settur í fangelsi. Restin af fjölskyldunni gerir honum lífið leitt því þau eru ekki í tengslum við raunveruleikann.
**20.00** **Besta svarið** (1:8) Frábær spurninga- og skemmtiþáttur þar sem hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, stýrir af einstakri snilld. Í hverjum þætti mætir einn þjóðþekktur gestur til leiks og keppendur eru þrír, vinir eða ættingjar gestsins. Keppendurnir eiga að svara afar fjölbreyttum spurningum um gestinn og keppast um að vera með besta svarið hverju sinni.
**20.45** **Moulin Rouge** Frábær dans- og söngvamynd sem líður mönnum seint úr minni. Sögusviðið er Rauða myllan, franskur næturklúbbur þar sem dásemdir lífsins eru í hávegum hafðar. Skáldið Christian hrífst af Satine, söng- og leikkonu, sem er skærasta stjarnan í Rauðu myllunni. Hertogi nokkur er einnig orðinn hrifinn af Satine sem nú er á milli tveggja elda. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna og fékk tvenn.
**22.50** **Moon** Áhrifamikil mynd með Sam Rockwell og Kevin Spacey í aðalhlutverkum í mynd um geimfara sem lendir í yfirnáttúrulegum hlutum úti í geimnum.
**00.25** **Adventures Of Ford Fairlaine**
**02.05** **The Flock**
**03.45** **Four Last Songs**
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

### POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** (10:24)
**19.25** **Two and a Half Men** (9:24)
**19.45** **Simpson-fjölskyldan** (14:25)
**20.10** **Crusoe** (9:13)
**20.55** **The O.C.** (25:25)
**21.35** **Hellcats** (20:22)
**22.20** **Crusoe** (9:13)
**23.05** **The O.C.** (25:25)
**23.50** **Hellcats** (20:22)
**00.35** **Myndbönd frá Popptíví**

### ÍNN

**20.00** **Hrafnaþing**
**21.00** **Motoring**
**21.30** **Eldað með Holta**

### SPORT *besta sætið*

**07.00** **San Antonio - Miami**
**17.55** **Pepsi-deild kvenna 2013** BEINT frá leik Breiðabliks og ÍBV í Pepsídeild kvenna
**20.00** **San Antonio - Miami** Útsending frá leik San Antonio og Miami í NBA körfuboltanum.
**21.50** **Kraftasport 2013**
**22.45** **Roger Maltbie á heimaslóðum**
**23.30** **Pepsi-deild kvenna 2013**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50** **Liverpool - Norwich**
**19.30** **PL Classic Matches: Blackburn - Liverpool, 1995**
**20.00** **Manstu** Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Þetta er fjórugur þáttur á léttum nótum þar sem gleðin verður í fyrirrúmi og allir vinna.
**20.30** **Liverpool - Swansea**
**22.10** **Manstu**
**22.40** **Liverpool - AC Milan**
**23.10** **Liverpool - Sunderland**

### krakkar

**07.00** **Lalli** **07.10** **Refurinn Pablo** **07.15** **Litlu Tommi og Jenni** **07.40** **Svampur Sveinsson** **08.00** **Dóra könnuður** **08.25** **Mörgæsirnar frá Madagaskar** **08.45** **Áfram Diego, áfram!** **09.10** **Lína langsokkur** **09.35** **Strumparnir** **09.55** **Waybuloo** **10.15** **Brunabílarnir** **10.35** **Doddi litli og Eyrnastór** **10.45** **Histeria!** **11.05** **Ofuröndin** **11.30** **Sorry I've Got No Head** **11.55** **iCarly** **12.15** **Njósnaskólinn** **12.40** **Victourious** **13.05** **Big Time Rush** **13.25** **Mörgæsirnar frá Madagaskar** **13.50** **Lalli** **13.55** **Lalli** **14.05** **Refurinn Pablo** **14.10** **Litlu Tommi og Jenni** **14.35** **Svampur Sveinsson** **14.55** **Dóra könnuður** **15.45** **Áfram Diego, áfram!** **16.10** **Lína langsokkur** **16.35** **Strumparnir** **17.00** **Waybuloo** **17.20** **Brunabílarnir** **17.40** **Histeria!** **18.00** **Ofuröndin** **18.25** **iCarly** **18.45** **Njósnaskólinn** **19.10** **Victourious** **19.35** **Big Time Rush**

### GULL

**21.00** **A Touch of Frost**
**22.45** **Breaking Bad**
**23.30** **Breaking Bad**
**00.15** **Það var lagið**
**01.15** **A Touch of Frost**
**02.55** **Breaking Bad**
**03.40** **Breaking Bad**
**04.25** **Myndbönd frá Popptíví**

### BÍÓ

**12.00** **Dolphin Tale**
**13.50** **Curious George 2: Follow That Monkey**
**15.10** **The Dilemma**
**17.00** **Dolphin Tale**
**18.50** **Curious George 2: Follow That Monkey**
**20.10** **The Dilemma**
**22.00** **The Grey**
**23.55** **Like Minds**
**01.45** **Walk the Line**
**04.00** **The Grey**

### RÚV

**15.40** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.19** **Babar** *(23:26) (Babar and the Adventures of Badou)*
**17.41** **Unnar og vinur** *(9:26) (Fanboy & Chum Chum)*
**18.03** **Hrúturinn Hreinn** *(12:20) (Shaun the Sheep)*
**18.10** **Táknmálsfréttir**
**18.20** **Andraland II** *(4:5)* Andri Freyr Viðarsson fer á flandur, skoðar áhugaverða staði og spjallar við fólk. *(e)*
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.40** **Dýralæknirinn** *(1:9) (Animal Practice)* Bandarísk gamanþáttaröð um dýralækninn George Coleman sem þykir afar vænt um dýrin en fyrirlítur gæludýraeigendur.
**20.05** **Barnsfaðir óskast** *(City Slacker)* Amanda er á uppleið í viðskiptalífinu en hana langar líka að eignast barn og hvað er þá til ráða? Bresk mynd frá 2012.
**21.35** **Barnaby ræður gátuna – Morð eftir máli** *(1:8) (Midsomer Murders XIII: The Made to Measure Murders)*
**23.10** **Þór** *(Thor)* Óðinn rekur bardagagarpinn Þór son sinn úr Ásgarði og sendir hann til jarðar til að búa á meðal mannanna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. *(e)*
**01.00** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **Pepsi MAX tónlist**
**15.10** **The Good Wife** *(12:23)*
**15.55** **Necessary Roughness** *(11:12)*
**16.40** **How to be a Gentleman** *(5:9)*
**17.05** **The Office** *(10:24)*
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **Royal Pains** *(6:16)*
**19.00** **Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri.
**19.45** **The Ricky Gervais Show** *(8:13)*
**20.10** **Family Guy** *(8:22)* Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.35** **America's Funniest Home Videos** *(26:44)*
**21.00** **The Voice** *(12:13)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki. Í stjórnum prýddan hóp dómara hafa bæst Shakira og Usher.
**23.10** **Colombiana**
**01.00** **Excused**
**01.25** **Psych** *(5:16)*
**02.10** **Lost Girl** *(11:22)*
**02.55** **Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** **ESPN America**
**06.35** **US Open 2013** *(1:4)*
**11.05** **Inside the PGA Tour** *(24:47)*
**11.30** **US Open 2013** *(1:4)*
**16.00** **US Open 2006 – Official Film**
**17.00** **US Open 2013** *(2:4)*
**23.00** **The Open Championship Official Film 1984**
**00.00** **US Open 2013** *(2:4)*
**03.00** **ESPN America**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

HELGIN



**„Ég var að byrja í sumarfríi og ætla að eyða helginni í sumarbústað í Stykkishólmi í góðu yfirlæti með frábærum vinum, góðum mat og góðri bók.“**

Hanna Eiríksdóttir, verkefnastýra UN Women á Íslandi.

# Sköllóttir eftirsóttir í Game of Thrones

Pegasus leitar að íslenskum karlmönnum til að leika í nýrri seríu þáttanna í sumar.

„Ég má svo lítið segja að svo stöddu því ég er bundinn þagnarskyldu. Þetta er allt svo leyndardómsfullt,“ segir Snorri Þórisson, forstjóri framleiðslufyrirtækisins Pegasus.

Pegasus hefur nú auglýst eftir sköllóttum mönnum til þess að leika í fjórðu þáttaröð bandarísku sjónvarpsþáttanna Game of Thrones, en tökur hefjast á Suðurlandi um mitt sumar. Leitað er að um það bil tuttugu íslenskum sköllóttum mönnum til að leika í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum en ráðningum er ekki lokið.

Bæði önnur og þriðja þáttaröð af Game of Thrones var tekin upp á Íslandi en landslagi Íslands hefur verið hrósað í hástert

➜ Þriðja þáttaröð Game of Thrones var önnur vinsælasta þáttaröð bandarísku stöðvarinnar HBO frá upphafi.

og fengið mikla athygli hjá aðdáendum þáttanna. Senurnar sem myndaðar voru á Íslandi tengdust að mestu Næturvörðunum og hetjunni Jon Snow. Aðalhlutverk þáttanna eru í höndum Emiliu Clarke, Nicolaj Coster-Waldau, Kit Harington, Charles Dance og fleiri þekktra leikara.

„Þeir sem eru með flottan skalla mega hafa samband við casting@peagasus.is.“ -mmm



**AFTUR TIL ÍSLANDS** Game of Thrones taka upp senur í fjórðu seríu hér landi í sumar.

„SJARMA SPRENGJA SUMARSINS“
– Aftenposten




„Minnir á metsölubókina um gamla manninn sem hvarf út um gluggann.”
– Arbetarbladet

★★★★★

„Ég varð pirruð, ég skemmti mér konunglega og ég hágrét. ... Bók sem er fyrir alla.“
– Kvällsposten

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# Þjálfar þátttakendur í Next Top Model

Þjálfarinn Aníta Dögg Watkins kemur fyrirsætunum í hollensku útgáfunni af raunveruleikaþættinum Next Top Model í form.

„Ég á að þjálfa stelpurnar hérna í miðborg Kaupmannahafnar en planið er að hafa heraga og kenna þeim að hugsa betur um líkama sína en svefn, mataræði og æfingar eru stór partur af því. Ég vil ýta þeim langt út fyrir þægindahringinn,“ segir þjálfarinn Aníta Dögg Watkins.

Aníta Dögg hefur samþykkt að þjálfa þátttakendur í hollenska raunveruleikaþættinum Next Top Model en tökur fara fram í Kaupmannahöfn á morgun. Aníta Dögg og eiginmaður hennar, Nick Watkins, opnuðu Butz Boot Camp í Kaupmannahöfn árið 2011 í samvinnu við Boot Camp á Íslandi. Hún er mjög stolt yfir að hafa verið beðin um að taka þátt í þessu verkefni fram yfir aðra þjálfara í Kaupmannahöfn sem vanir eru að þjálfa fyrir sjónvarp, fræga fólkið og jafnvel konungsfjölskylduna.

Spurð hvernig þetta tækifæri kom til segir Aníta að framleiðandi hollensku keppninnar, Monique Kuperus, hafi verið að leita að kvenkyns Boot Campþjálfara í góðu formi til að tuska stelpurnar örlítið til. Hún segir jafnframt að þjálfunaraðferðir þeirra hjóna séu öðruvísi en gengur og gerist innan fagsins þar sem þau séu mjög meðvituð um bæði líkamlega og andlega líðan viðskiptavina sinna. „Það er mikil hætta á anorexíu í fyrirsætuiðnaðinum og að svelta sig tilheyrir ekki hollum lífsstíl,“ segir Aníta en bætir við að flestar æfingarnar sem hún ætli að kenna stelpunum sé hægt að gera heima hjá sér eða uppi á hótelherbergi.

Aníta Dögg hefur verið búsett í Kaupmannahöfn í þrettán ár en hún vinnur sem hárgreiðslukona tvisvar í viku ásamt því að þjálfa í Butz Boot Camp. „Ég fæ aldrei nóg af hreyfingunni og þarf endalaust að ýta mér lengra og lengra.“

Þetta er sjöunda þáttaröð hollenska raunveruleikaþáttarins. Kynnir þáttanna er Daphne Muriël Deckers, rithöfundur og fyrrverandi fyrirsæta.

marinmanda@frettabladid.is



**Í GÓÐU FORMI** Aníta Dögg Watkins er mjög ánægð yfir að hafa fengið þetta tækifæri í hollenska sjónvarpinu.

**120** Raunveruleikaþátturinn Next Top Model er á dagskrá í 120 löndum í heiminum.

# Ferðadagbók fyrir unga fólkið

Unnur gefur út fræðslu- og skemmtibók fyrir börn á ferðalagi um landið.

„Í bókinni getur öll fjölskyldan fengið hugmyndir til að gera eitthvað sem er bæði heilbrigt og ódýrt, og sameinað fjölskylduna,“ segir Unnur Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi.

Unnur gefur út bókina Ferðadagbókin mín – ÍSLAND. Bókin er fræðslu- og skemmtibók fyrir börn á ferðalagi um landið. „Bókina hef ég gengið með í maganum í mörg ár. Hugmyndin kom þegar ég var að ferðast með börnunum mínum. Þá hafði ég prentað út kort svo að börnin gætu merkt inn Akureyri og séð hversu langt bærinn var frá Reykjavík,“ segir Unnur, sem skráði hugmyndina í frumkvöðlakeppnina Gulleggið.

Landmælingar bjuggu til kort af þjóðvegum landsins, þar sem þeir voru sérstaklega breikkaðir og kortin einfölduð. „Þannig eiga börnin auðveldara með að sjá hvert leiðin liggur og geta þar með merkt inn á kortin.“

Í bókinni er líka að finna litlar myndir þar sem stungið er upp á ýmsu sem fjölskyldan getur brallað saman. „Þetta er ákveðin hvatning fyrir fjölskylduna. Það á að gera eitthvað meira en að hanga bara inni í bústað eða inni í tjaldi.“ -ka



**BÖRNIN ÁNÆGÐ MEÐ GRIPINN** Unnur Símonardóttir gaf út ferðadagbók fyrir börn á ferðalagi um landið. Börn Unnar eru ánægð með bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


SÓLARSAMBA!
Frábært tækifæri að bóka sólarferð til **Almería** eða **Tenerife** á syngjandi góðu verði, fyrstur kemur, fyrstur fær!
Þegar bókuð er ferð í Sólarsamba þá færðu ferðina þína á hagkvæmara verði en gengur og gerist, en færð ekki að vita á hvaða hóteli þú gistir fyrr en nokkrum dögum fyrir brottför. Þannig færðu gott frí, á góðum stað á betra verði!
TENERIFE
FRÁ: VIKA
84.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á 3 stjörnu hóteli.
Verð m.v. 2 fullorðna 90.800 kr.
Brottför: 19. júní - Vika | 26. júní - Vika
Ath: flogið í gegnum London á heimleið
ALMERÍA
FRÁ: VIKA
69.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2-3 lykla íbúðagistingu.
Verð m.v. 2 fullorðna 92.640 kr.
Brottför: 19. júní - Vika | 26. júní - Vika
Frábært verð í sólina !
SUMAR 10 ÁRA FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
* Innifalið: Flug báðar leiðir (flogið í gegnum London frá Tenerife), flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óánægja með Grímuverðlaun

Íslensku sviðslistaverðlaunin Gríman voru veitt síðastliðið miðvikudagskvöld. Ekki eru allir á eitt sáttir með niðurstöður kvöldsins. Á Facebook-síðu sinni segir Gunnar Smári Egilsson, fyrrverandi formaður SÁÁ, að það hljóti að teljast hneyksli að Þorleifur Örn Arnarsson hafi ekki fengið verðlaunin fyrir bestu leikstjórn á sýningunni Englar alheimsins. Hann segir að þetta hljóti að gerbreyta úthlutunaraðferðum verðlaunanna. Ein af þeim sem leggja orð í belg er **Þórunn Sigurðardóttir**, eiginkona Stefáns Baldurssonar, fyrrverandi þjóðleikhússtjóra. Segir hún að þetta hafi vakið furðu sína sem og margt annað á verðlaunahátíðinni. Raunar gengur hún svo langt að segja að 80 prósent af sigurvegurunum hafi komið sér mikið á óvart og að það hafi hún ekki upplifað áður.



- ne

### Barnalukka og brúðkaup

Tónlistarmaðurinn Friðrik Dór Jónsson og kærasta hans, Lísa Hafliðadóttir, eiga von á stúlkubarni með haustinu. Jón Ragnar Jónsson, tónlistarmaður og eldri bróðir Friðriks, eignaðist einmitt sitt fyrsta barn um síðustu helgi. Það er mikið um að vera hjá þessari gæfuríku fjölskyldu um þessar mundir en tvíburasystir Jóns, **Hanna Borg**, mun gifta sig síðar í sumar en hún er unnusta handboltakappans **Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar**.

-ka



### Mest lesið VÍSIR

1 Catalina opnar búð
2 Gaf unglingspilti bíla og hélt honum uppi fyrir kynmök
3 „Við erum að deyja úr velmegun en ekki sjúkdómum“
4 Sjáðu sykurmagnið í þessum heilsuvörum
5 Mótmælt með kossum á morgun

ERKITÖFFARINN SJÁLFUR
JACK REACHER




www.forlagid.is




FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í HÖLLINNI
LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ FRÁ KL. 12⁰⁰

Á PLANINU
KL. 12-15 BLÖÐRUGERÐ
KL. 13-16 ANDLITSMÁLUN
FÓTBOLTA SKOTHRAÐAMÆLING
FÓT- OG KÖRFUBOLTA SKOTÞRAUT

KYNNIR ER BJARNI TÖFRAMAÐUR

Á SVIÐINU
KL. 13 SKOPPA OG SKRÍTLA
KL. 14 LATIBÆR
KL. 15 TRÚÐURINN WALLY
KL. 16 FRIÐRIK DÓR

GRILL OG VEITINGAR Á MILLI KLUKKAN 12⁰⁰-15⁰⁰

PYLSUR OG BRAUÐ Í BOÐI GOÐA OG MYLLUNNAR – LAMBAKJÖT Í BOÐI LAMBAKJÖT.IS
ÍS Í BOÐI EMMESSÍS – SAFI Í BOÐI YIPPI - GOS Í BOÐI VÍFILFELLS

GOÐI MYLLAN Lambakjöt LAMBAKJOT.IS emmessís Yippy Coca-Cola zero Fanta

TILBOÐ HJÁ ÖLLUM VERSLUNUM Í HÚSINU Í TILEFNI DAGSINS
20-50% AFSLÁTTUR

HÚSGAGNAHÖLLIN fifa SÍÐAN 1978 KRÓNAN INTERSPORT Apótekarinn ÖRNINN GOLFVERSLUN AO ATLANTSOLÍA